


skoðun 12

## 2 SÉRBLÖÐ

í Fréttablaðinu

Allt

Verslun og þjónusta




## HURTS-MENN SKEMMTU SÉR VEL

Létu rafmagnsleysi ekki trufla sig

fólk 30




# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur

22. mars 2011

67. tölublað 11. árgangur

Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI




### Vinna gegn fordómum

*ME-sjúklingar stofna nýtt félag á Íslandi.*

tímamót 16

### Yfir landamæri hafið

*Steinunn Þórarinsdóttir opnar sýninguna Borders á Dag Hammarskjöld Plaza í New York í Bandaríkjunum á fimmtudag.*

menning 20



### Þrír oddaleikir

*ÍR og Haukar tryggðu sér oddaleiki í rimmum sínum gegn Keflavík og Snæfelli.*

sport 26

### veðrið í dag




**DREGUR ÚR VINDI** Í dag verða suðvestan 5-13 m/s. Snjókoma SV-til síðdegis og víða él en bjart A-lands. Svipaður hiti.

VEÐUR 4

# Framhald samstarfsins rætt

**Formenn stjórnarflokkanna ætla að fara yfir stöðuna í stjórnarsamstarfinu og meta hvort ástæða sé til breytinga. Ágreiningur er um nokkur veigamikil mál, til dæmis breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu.**

**STJÓRNMÁL** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra ætlar að meta stöðu og styrk ríkisstjórnarinnar og möguleika hennar á að koma í gegn veigamiklum málum í kjölfar úrsagnar tveggja þingmanna úr þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

„Ríkisstjórnin þarf ekki að vera veikari á eftir. Við höfum komið okkar málum í gegn, hingað til að minnsta kosti, þótt þau hafi ekki notið stuðnings allra í Vinstri grænum," sagði Jóhanna í gærkvöldi. Aðspurð hvort hún hyggist aðhafast eitthvað til að styrkja stjórnina sagði Jóhanna ekki tímabært að segja til um það. „Fram undan eru mjög stór viðfangsefni þar sem við þurfum að hafa góðan meirihluta fyrir málum. Ekki síst í atvinnumálunum, hvernig við förum að við að glæða hér hagvöxt, fiskveiðistjórnarmálin og fleiri mál. Ég mun ræða við formann Vinstri grænna sem fyrst til þess að fara yfir þessa stöðu sem upp er komin og hvort ástæða sé til sérstakra viðbragða." Fyrr geti hún ekki sagt til um hvort breytingar verði á ríkisstjórninni.

Reyna á að finna fundi þeirra tíma í dag.

Nýjustu vendingar voru ræddar á þingflokksfundi Samfylkingarinnar í gær. Þær, einar og sér, eru ekki taldar skipta höfuðmáli um nauðsyn þess að stjórnarsamstarfið verði tekið til sérstakrar skoðunar; málefnastaðan kallar á það.

Í þingflokki Samfylkingarinnar hefur þeirri skoðun vaxið ásmegin að affarasælast sé að slíta samstarfinu við VG. Telja sumir þingmenn rétt að efna til samstarfs við Sjálfstæðisflokkinn. Meirihluti þingflokksins vill þó að áfram verði unnið með VG en að því gefnu að aukinn kraftur verði settur í ýmis mál og önnur tekin nýjum tökum. Atvinnuuppbygging er meðal mála í fyrri flokknum og aðildarviðræðurnar við ESB í þeim síðari.

> Ég mun ræða við formann Vinstri grænna sem fyrst til þess að fara yfir þessa stöðu sem upp er komin.
>
> JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR
> FORSÆTISRÁÐHERRA

Þá er það hávær krafa í Samfylkingunni að Vinstri græn gangi lengra í breytingum á fiskveiðistjórnunarkerfinu en þau hafa viljað til þessa. Það mál er í raun nýr ásteytingarsteinn milli flokkanna.

Jóhanna Sigurðardóttir kvaðst aðspurð ekki trúa að ástandið á stjórnarheimilinu kallaði á að efnt yrði til kosninga. „Ég trúi ekki að menn vilji fara í kosningar núna þegar við erum í miðjum stórverkefnum eins og að ná kjarasamningum og koma hjólum atvinnulífsins af stað. En það er ekki útilokað að það geti orðið síðar á kjörtímabilinu."

- bþs / sjá síðu 4



**GRUNUR UM ÍKVEIKJU** Anna Lúðvíksdóttir og Oskar Uscategui hjá samtökunum Seeds, unnu að því að bjarga því sem bjargað varð af innanstokksmunum í gær. Grunur leikur á að kveikt hafi verið í húsinu og er málið í rannsókn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sjálfboðaliðasamtökin Seeds eru á hrakhólum og vantar gistirými:

# Sárvantar húsnæði eftir bruna

**FÓLK** Félagasamtökin Seeds eru án húsnæðis eftir brunann í Birkihlíð í Bústaðahverfi í gær, en þar áttu erlendir sjálfboðaliðar að gista.

Seeds vinnur að umhverfisverkefnum um allt land með hjálp sjálfboðaliða, og hafa samtökin haft gistiaðstöðu fyrir erlenda gesti í Birkihlíð. Eftir brunann eru samtökin í mikilli óvissu með komandi vor.

Anna Lúðvíksdóttir, verkefnisstjóri hjá Seeds, segir í samtali við Fréttablaðið að missir húsnæðisins sé tilfinnanlegur þar sem vertíðin hjá þeim sé að hefjast og fjöldi fólks á leiðinni.

„Þetta er heilmikið tjón og maður veit ekki hvað á að gera eða halda. Nú þurfum við að hugsa um hvar eigi að hýsa sjálfboðaliðana okkar. Við viljum því biðja alla þá sem hafa laust húsnæði í stuttan tíma, hvert sem það er svefnpokapláss eða hvað sem er, sem gæti hýst sjálfboðaliðana, að hafa samband við okkur."

Seeds eru íslensk samtök sem hafa unnið að umhverfismálum í samstarfi við sveitarfélög og félagasamtök frá árinu 2005. Á síðasta ári komu 800 sjálfboðaliðar til landsins á vegum þeirra og unnu að 80 mismunandi verkefnum.

Að sögn lögreglu er talið líklegast að um íkveikju sé að ræða, en málið er í rannsókn. Húsið var mannlaust og engan sakaði.

- þj

Skil skarpari á milli skólastiga:

# Dregur úr unglingadrykkju

**HEILSA Dregið hefur úr því að unglingar byrji að neyta áfengis í grunnskóla. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn sem var gerð af Rannsóknum og greiningu og náði til allra framhaldsskóla landsins.**



JÓN SIGFÚSSON

**Eins virðist sem unglingar byrji ekki í jafnmiklum mæli og talið var að neyta áfengis sumarið eftir tíunda bekk. Stór hluti byrjar hins vegar að drekka á fyrsta ári í framhaldsskóla. Skil milli skólastiga eru skarpari en áður.**

**„Tíðni ölvunardrykkju hefur lækkað frá 2004 til 2010 bæði á meðal nemenda í tíunda bekk og á fyrsta ári í framhaldsskóla," segir Jón Sigfússon, framkvæmdastjóri Rannsóknar og greiningar.**

- ve / sjá Allt í miðju blaðsins





lífrænt dekur

Lífrænt vottaðar húðsnyrtivörur unnar úr hreinni íslenskri náttúru



SÓLEY

soleyorganics.com




Asphalia – Náttúrulegur svefn

Fæst í apótekum og heilsubúðum

## SPURNING DAGSINS



*Björn, ætlarðu að máta Daníel með rothöggi?*

„Já, skák og nokkát.“

Björn Jónsson, starfsmaður í þrívíddarteymi tölvuleikjafyrirtækisins CCP, ætlar að keppa við kollega sinn Daníel Þórðarson í skákhnefaleikum á Fanfesthátíð CCP í Laugardalshöll á föstudag. Björn er með 2039 Elo-stig. Daníel hefur engin stig en flaggar Íslandsmeistaratitli í hnefaleikum.

Alþjóðabankinn telur að uppbygging í Japan muni kosta sem jafngildir um 27.000 milljörðum króna:

# Starfsmenn flýja reyk úr kjarnorkuveri

**JAPAN, AP** Starfsmenn sem unnið hafa að viðgerðum á kjarnorkuverinu í Fukushima í Japan flúðu í gær í ofboði eftir að hvítur reykur tók að stíga upp af kjarnaofnunum tveimur sem skemmdust í flóðbylgjunni fyrir ellefu dögum.

Sjónarvottar sögðu fréttamönnum BBC að reykurinn virtist stíga frá laug þar sem notaðar geislavirkar eldsneytisstangir eru geymdar. Starfsmennirnir sneru fljótlega aftur til vinnu.

Áður hafði tekist að koma rafmagni á kælibúnað kjarnaofnanna, en ekki hefur enn tekist að gangsetja kælibúnaðinn.

Íbúar í nágrenni kjarnorkuversins í Fukushima í Japan voru í gær varaðir við að drekka kranavatn sökum joðmengunar. Þá hafa stjórnvöld bannað neyslu á ýmsum matvörum sem ræktaðar eru nærri kjarnorkuverinu vegna geislamengunar.

Staðfest hefur verið að 8.450 hafa látið lífið í jarðskjálftanum og flóðbylgjunni sem fylgdi í kjölfar skjálftans. Nærri 13 þúsund er enn saknað. Litlar líkur eru á að fleiri finnist á lífi, en 80 ára konu og barnabarni hennar var bjargað úr húsarústum á sunnudag. Um 500 þúsund misstu heimili sín.

Kostnaður við uppbygginguna eftir jarðskjálfta og flóðbylgju sem olli gríðarlegum skemmdum í Japan 11. mars gæti orðið um 235 milljarðar Bandaríkjadala að mati Alþjóðabankans.

Þetta jafngildir um 27 þúsund milljörðum íslenskra króna, sem eru nærri sextíufaldar tekjur íslenska ríkisins á þessu ári. **- bj**



**HEIMILISLAUS** Fólk sem missti heimili sín í flóðbylgjunni fyrr í mánuðinum hefst nú við í neyðarskýlum. NORDICPHOTOS/AFP

Meint ólögleg kvótaúthlutun:

## Ekkert heyrt frá ráðuneytinu

**STJÓRNSÝSLA** Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hefur enn ekki svarað erindi Hermanns Daðasonar, útgerðarmanns frá Ólafsfirði, frá apríl 2009. Hermann telur að brotið hafi verið á útgerð hans við úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2006/2007.

Í febrúar 2010 ári leitaði Hermann til umboðsmanns Alþingis vegna sinnuleysis ráðuneytisins. Endurtekin loforð þess um að Hermanni yrði svarað voru jafnan svikin.

Í byrjun mars upplýsti umboðsmaður um samskipti sín við ráðuneytið og setti ofan í við það. Við það tækifæri harmaði upplýsingafulltrúi ráðuneytisins dráttinn og sagði: „Það verður farið í það að svara þessu erindi sem allra fyrst.“ Sautján dögum síðar bólar ekki á svari. **- bþs**

Goðafoss í slipp til 10. apríl:

## Meira tjón en búist var við

**SIGLINGAMÁL Tjónið sem Goðafoss varð fyrir við strandið í Óslóarfirði er meira heldur en búist var við í fyrstu. Afleiddur kostnaður fyrir Eimskip gæti numið allt að 50 milljónum króna.**



ÓLAFUR WILLIAM HAND

**„Skemmdirnar eru töluverðar, en endanlegur kostnaður liggur ekki fyrir. Tjónið er meira en við bjuggumst við,“ segir Ólafur Hand, upplýsingafulltrúi Eimskips.**

**Tjón vegna strandsins getur numið allt að hundrað milljónum en umframkostnaður fellur á tryggingafélög Eimskips. Um 150 tonn af stáli munu fara í viðgerðirnar.** **- sv**

# Lausnirnar leynast í skólunum sjálfum

**Talsmaður undirskriftasöfnunar gegn sameiningu skóla í Reykjavík segir fjárhagslegan ávinning af sameiningu innan grunnskóla og leikskóla takmarkaðan. Vill að rætt verði við fagfólk innan skólanna um leiðir til hagræðingar.**

**SKÓLAMÁL** Á sjöunda þúsund íbúa Reykjavíkur hafa sett nafn sitt við áskorun á borgaryfirvöld um að falla frá fyrirhuguðum sameiningaráformum í grunn- og leikskólum borgarinnar. Foreldrafélög um alla borg hafa ályktað gegn þessum fyrirætlunum síðustu vikur, en hagsmunaaðilar munu skila umsögnum sínum á föstudag.

Agnar Már Jónsson, einn aðstandenda söfnunarinnar, sem er á vefnum born.is, segist finna fyrir mikilli andstöðu í hópi foreldra, þó allir geri sér grein fyrir nauðsyn þess að hagræða.



AGNAR MÁR JÓNSSON

Agnar segir, í samtali við Fréttablaðið að ámælisvert sé hve takmarkaður ávinningur hljótist í raun og veru af aðgerðunum.

„Þegar búið er að velta ofan af þessum Excel-gjörningi sem er í skýrslunni, standa eftir 150 milljónir sem ætlunin er að spara á ári, í grunnskólum og leikskólum. Þessi fjárhæð er bara 0,6 prósent af heildarútgjöldum leikskóla og menntasviðs. Þessi meinti ávinningur er allt of lítill til að fara í svona stórar aðgerðir.“

Að mati Agnars væri farsælast að leita til starfsfólks og stjórnenda í skólum og leikskólum, frekar en embættismanna.

„Væri ekki bara nær að biðja skólastjóra og leikskólastjóra um að draga saman í rekstri um 0,6 prósent á næsta ári. Þá þyrftum við ekki alla þessa embættismenn sem eru að rembast við það að setja Íslandsmet í samruna.“

Oddný Sturludóttir, formaður menntaráðs, segir að umsagnir verði skoðaðar vel og vandlega, en hún sé enn á þeirri skoðun að umræddar breytingar séu til góða.

„Breytingar eins og þessi eru alltaf betri en flatur niðurskurður. Nú erum við að standa vörð um innra starf skólanna.“

Oddný segir að í samtölum sínum við starfsfólk og stjórnendur skóla hafi komið í ljós að ekki væri svigrúm til frekari niðurskurðar á innra starfi.

„Þau sögðu að það væri ekkert meira að sækja. Við værum komin inn að beini.“

Oddný segir að hún hafi líka fengið jákvæð viðbrögð frá foreldrum og er þess fullviss að ef fólk kynni sér málin muni það átta sig á valkostunum.

„Ég hef ekki enn séð betri aðferð en þá sem við erum að fara. Flatur niðurskurður er ekki svarið.“

**thorgils@frettabladid.is**



**ANDSTAÐA** Borgarbúar hafa brugðist harkalega við hugmyndum um sameiningu í grunn- og leikskólum borgarinnar. Nú hafa nær sex þúsund manns skrifað undir áskorun til borgaryfirvalda um að hætta við. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hernaðaraðgerðir í Líbíu:

## Danir og Norðmenn hafa sent herþotur

**LÍBÍA Flugherir Norðmanna og Dana hafa sent orrustuþotur til þess að taka þátt í árásum á Líbíu.**

**F-16 þotur frá norska flughernum fóru í gær frá herstöðinni í Bodö áleiðis til Sikileyjar þar sem er bækistöð herliðsins sem hefur að markmiði að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna frá því í síðustu viku, að sögn Aftenposten.**

**Um helgina sendi danski flugherinn sex F-16 þotur og um 100 manna herlið til þátttöku í aðgerðunum. Að sögn Politiken hafa dönsku þoturnar ekki tekið þátt í átökum í Líbíu en þær hafa verið sendar í fjóra leiðangra til stuðnings sveitum Bandaríkjamanna, Breta, Ítala, Frakka og Kanadamanna.** **- pg**

Lögregla rannsakar mál konu:

## Bótox-aðgerðir í blokkaríbúð

**HEILBRIGÐISMÁL** Kona á fertugsaldri stundar óleyfilegar lýtaaðgerðir í blokkaríbúð sinni í Kópavogi. Sagt var frá málinu í DV í gær.

Konan, sem er frá Úkraínu, vann áður sem nektardansmær á skemmtistaðnum Goldfinger. Hún býður nú upp á bótox-meðferðir með efni sem hún flytur inn sjálf. Efnið heiti Dysport, en samkvæmt sérlyfjaskrá mega einungis læknar gefa það. Ávísun þess er bundin við sérfræðinga.

Geir Gunnlaugsson landlæknir segir í samtali við Vísi að embættið sé að fylgjast með málinu, sem sé hið sérkennilegasta. Ekki sé um skráða heilbrigðisstarfsemi að ræða, því hafi Landlæknir ekki beint eftirlitshlutverk með starfseminni.

Lögregla rannsakar málið. **- sv**


SIEMENS

Tækifæri

Uppþvottavél SN 45E201SK

á frábærum kjörum.

Hvít, 13 manna. Fimm kerfi.

Tímastytting þvottakerfa.

Íslenskur leiðarvísir.

Tækifærisverð:

129.900 kr. stgr.

(Verð áður: 159.900 kr.)



ATARNA

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000

www.sminor.is


Þingmenn vilja að aðgerðir gegn Líbíu verði ræddar í utanríkismálanefnd:

## Megum ekki endurtaka Íraks-mistök

**STJÓRNMÁL** Mikilvægt er að utanríkismálanefnd Alþingis fjalli ítarlega um aðgerðir Vesturveldanna gegn Líbíu og að breið samstaða náist um stuðning við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Þetta er mat Gunnars Braga Sveinssonar, þingflokksformanns Framsóknarflokksins og varamanns flokksins í utanríkismálanefnd. „Við megum ekki endurtaka þau mistök sem voru gerð við stuðning við innrásina í Írak,“ segir Gunnar Bragi.

Árni Þór Sigurðsson, formaður utanríkismálanefndar, segir að málið verði líklega rætt á fundi nefndarinnar á morgun. Forsenda stuðnings hans og VG við hernaðaraðgerðir sé að farið verði í einu og öllu eftir samþykkt öryggisráðsins. Spurður hvort óeðlilegt sé að íslensk stjórnvöld styðji aðgerðirnar án formlegrar umfjöllunar í utanríkismálanefnd bendir Árni á að hugur manna hafi komið fram við tvær utandagskrárumræður í þinginu um málefni Mið-Austurlanda með skömmu millibili.

Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Hreyfingarinnar, kveðst hafa stutt aðgerðirnar gegn Líbíu. „En mér finnst ótrúlegt hvað þetta er farið að minna á aðgerðirnar í Júgóslavíu,“ segir hún og kveðst óttast að allt muni þetta enda með ósköpum.

Mikilvægt sé að utanríkismálanefnd fjalli sem fyrst og sem ítarlegast um næstu skref. **- bþs / jab**



GUNNAR BRAGI SVEINSSON



ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON



BIRGITTA JÓNSDÓTTIR




## Úrvals páskafrí í beinu flugi á Kanarí og Tenerife!

Við hjá Úrvali Útsýn höfum verið leiðandi ferðaskrifstofa á Íslandi frá því um miðja síðustu öld og erum svo sannarlega á heimavelli á Kanaríeyjum. Við höfum sent íslenska sóldýrkendur til Gran Canaría í áratugi og vitum nákvæmlega hvernig þú vilt hafa fríið þitt. Yndislega eyjan Tenerife, sem er líka ein af Kanaríeyjum, hefur slegið rækilega í gegn og okkar fólk flykkist þangað allt árið um kring. Við sendum þig í sólina með bros á vör.

MEIRA Á
**urvalutsyn.is**

ÚRVAL·ÚTSÝN
Sími 585 4000

## GENGIÐ 21.03.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 113,91 | 114,45 |
| Sterlingspund | 185,34 | 186,24 |
| Evra | 161,32 | 162,22 |
| Dönsk króna | 21,631 | 21,757 |
| Norsk króna | 20,467 | 20,587 |
| Sænsk króna | 18,185 | 18,291 |
| Japanskt jen | 1,4011 | 1,4093 |
| SDR | 180,87 | 181,95 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 216,2147

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Stjórn VG í Eyjum:

## Atli segi af sér þingmennsku

**Stjórn Vinstri grænna í Vestmannaeyjum skorar á Atla Gíslason að segja af sér þingmennsku svo að varamaður hans geti tekið sæti á Alþingi.**

**Í yfirlýsingu sem stjórnin sendi frá sér í gærkvöld segir að ákvörðun Atla um að segja sig úr þingflokki VG hafi valdið miklum vonbrigðum en Atli er þingmaður flokksins í Suðurkjördæmi.**

**„Með úrsögninni telur stjórnin að Atli sitji ekki lengur á Alþingi í umboði kjósenda VG í kjördæminu,“ segir í yfirlýsingunni.**

**Stjórnin ítrekar fullan stuðning sinn við ríkisstjórn Vinstri grænna og Samfylkingarinnar.**

Sigmundur Davíð og Bjarni:

## Réttast að efna til kosninga

Formenn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks segja ríkisstjórnina standa höllum fæti og rétt væri að efna til kosninga.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, sagði í fréttum Stöðvar 2 að óvissan væri mikil og lengi hafi verið uppi „pattstaða“ í íslenskum stjórnmálum.

„Ríkisstjórnin hefur ekki verið í aðstöðu til þess að framkvæma það sem þarf að framkvæma. Ég held að þetta sé enn ein ábendingin um að það þurfi að breyta til og kjósa aftur,“ segir Sigmundur.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði við Vísi að brotthvarf þingmannanna væri frekari staðfesting á óeiningu í stjórnarsamstarfinu. „Ég hef oft sagt að nú þurfi menn að einbeita sér að þjóðarhag og það gerum við með því að einbeita okkur að fáum verkefnum og flýta kosningum,“ segir Bjarni. - þj

# STJÓRNARLIÐAR YFIRGEFA ÞINGFLOKK



**FARIN** Lilja Mósesdóttir var kjörin á þing fyrir VG 2009 en Atli 2007. Hann var varaþingmaður kjörtímabilið á undan. Bæði gegndu formennsku í nefndum þingsins þangað til í gær, Lilja í viðskiptanefnd og Atli í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd. Þingflokkur VG vék þeim í gær úr öllum nefndum sem þau sátu í fyrir hönd flokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Vonlaus ríkisstjórn

### Ríkisstjórnin starfar ekki í anda norrænna velferðarstjórna heldur dregur taum fjármagnsins að mati Atla Gíslasonar og Lilju Mósesdóttur sem hafa kvatt VG.

Margt varð til þess að Atli Gíslason og Lilja Mósesdóttir ákváðu fyrir helgi að segja sig úr þingflokki VG. Þau telja flokkinn hafa vikið frá stefnuskrá sinni í mörgum veigamiklum málum og forystuna ástunda óboðleg vinnubrögð.

Atli og Lilja opinberuðu ákvörðun um úrsögn í gær en höfðu gert upp hug sinn fyrir helgi. Á sunnudag upplýstu þau samstarfsmenn í þingflokknum um ákvörðunina en segjast hvorki hafa lagt að þeim né búist við að þeir fylgdu þeim.

Í tilkynningu og á fundi með blaðamönnum í gær tíunduðu Atli og Lilja þau mál sem steytt hefur á í starfinu í þingflokknum.

Nefndu þau efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, fjárlög, AGS, Icesave, ESB, Magma, skuldavanda heimilanna og stjórnmálakúltúrinn.

Þau fundu ofangreindum málum allt til foráttu.

Efnahagsstefnuna segja þau miða að því að verja fjármagnskerfið og fjármagnseigendur á kostnað almennings og velferðarkerfisins, afgreiðslu fjárlaga hafa verið dæmigerða fyrir ólýðræðisleg vinnubrögð og forysta VG sé orðin að eins konar málsvara AGS á Íslandi þótt flokkurinn hafi verið einarður andstæðingur AGS áður en hann fór í ríkisstjórn.

Saga Icesave-málsins er sögð samfelld sorgarsaga og það kallað klúður. Lilja er andvíg nýjustu samningunum en Atli greiddi þeim atkvæði sitt.

Bæði eru andvíg aðildarumsókninni að ESB. Sagði Atli meðal annars um það mál að gengið hefði verið fram hjá Jóni Bjarnasyni sem með réttu ætti að hafa forræði yfir málefnum sjávarútvegs og landbúnaðar í umsóknarferlinu. „Umsóknin er í öngstræti,“ sagði Atli.

Þau harma að ekkert hafi verið gert til að koma í veg fyrir áframhaldandi einkavæðingu HS orku og segja að tregða meirihluta stjórnarflokkanna við að taka á skuldavanda heimilanna hafi tafið endurreisn efnahagslífsins.

Stjórnmálakúltúrinn segja þau ómögulegan, foringjaræðið sé algjört og stjórnarþingmenn lagaafgreiðslumenn. Við þetta ætla þau ekki að búa lengur.

bjorn@frettabladid.is

## Lilja í skammarkróknum vegna Icesave frá 2009

„Ég var sett í skammarkrókinn sumarið 2009 vegna andstöðu við Icesave og hef verið þar síðan,“ segir Lilja Mósesdóttir. Forysta VG hafi einangrað hana. Lilja er hagfræðingur og kveðst hafa vonast til að þekking hennar yrði að gagni í störfum VG. Hún hafi raunar farið í pólitík svo að þekking hennar mætti verða að gagni. „Það hefur lítið sem ekkert tillit verið tekið til minna sjónarmiða,“ segir hún.

Lilja hefur íhugað úrsögn úr þingflokknum síðan milli jóla og nýárs. „Ég vonaðist til að forystan myndi teygja sig í átt til okkar. Mér finnst ég hafa sýnt mikið langlundargerð og var tilbúin til málamiðlana en ekkert gerðist.“

Lilja segir að fyrir utan það sem þau tíunduðu í yfirlýsingu hafi einkum tvennt orðið til þess að hún tók ákvörðun um úrsögn fyrir helgi. „Annars vegar var það yfirlýsing seðlabankastjóra um að sennilega þyrfti að framlengja samninginn við AGS og svo yfirlýsing Helga Hjörvar og Árna Páls Árnasonar um að ekki væri ráðlegt að hækka skatta á þá sem væru með langt yfir milljón í tekjur. Mér finnst það ekki vera í anda jafnaðarmannaflokka á Norðurlöndum og við erum enn langt frá Norðurlandaþjóðunum þótt við höfum hækkað skatta töluvert. Við lofuðum fyrir síðustu kosningar að láta breiðustu bökin bera þyngstu byrðarnar.“

Að auki nefnir Lilja að í janúar hafi hún farið fram á að þingflokkur VG skipaði vinnuhóp til að móta nýja efnahagsstefnu sem myndi fela í sér að AGS hyrfi héðan í ágúst. „Þá kom í ljós að ég og formaður flokksins erum algjörlega ósammála. Hann mat stöðuna miklu betri en ég en nú hefur komið á daginn að hagvöxtur er talsvert undir því sem gert var ráð fyrir.“

Lilja og Atli ætla að starfa saman utan þingflokka þangað til annað verður ákveðið. Hvorugt kvaðst í gær á leið í annan flokk.

## SKIPTU UM FLOKK

**Þráinn Bertelsson** var kjörinn á Alþingi fyrir Hreyfinguna vorið 2009. Hann sagði sig úr Hreyfingunni í ágúst sama ár og starfaði utan flokka þar til hann gekk til liðs við þingflokk Vinstri grænna í september 2010.



**Jón Magnússon** tók sæti á Alþingi fyrir hönd Frjálslynda flokksins árið 2007 en sagði sig úr flokknum í byrjun febrúar 2009 og gekk til liðs við Sjálfstæðisflokkinn síðar í sama mánuði. Jón hafði áður verið varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins og formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna.



**Kristinn H. Gunnarsson** sagði skilið við þrjá þingflokka á átján ára þingmannsferli. Hann var fyrst kjörinn þingmaður Alþýðubandalagsins árið 1991 en eftir að sá flokkur ákvað að ganga til samstarfs við Alþýðuflokk og Kvennalista um stofnun Samfylkingarinnar haustið 1998 sagði Kristinn sig úr flokknum og stóð utan þingflokka um tveggja mánaða skeið en gekk þá til liðs við þingflokk Framsóknarflokksins. Hann náði síðan kjöri fyrir Framsókn í kosningunum 1999 og 2003 en sagði sig úr þingflokki Framsóknar og gekk til liðs við Frjálslynda flokkinn í febrúar 2007 og náði kjöri fyrir þann flokk í kosningum þá um vorið. Hann sagði sig hins vegar úr þingflokknum í febrúar 2009 og var utan þingflokka þar til þingferli hans lauk þá um vorið.



**Valdimar Leó Friðriksson** varð þingmaður Samfylkingarinnar á miðju kjörtímabili árið 2005 en sagði sig úr flokknum í nóvember 2006, gekk til liðs við Frjálslynda flokkinn þar til þingferli hans lauk vorið 2007.

**Karl V. Matthíasson** var þingmaður Samfylkingarinnar frá árinu 2007 en sagði sig úr flokknum og gekk til liðs við Frjálslynda flokkinn í mars 2009, eftir að honum hafði verið hafnað í prófkjöri Samfylkingarinnar vegna þingkosninga vorið 2009.



**Jóhanna Sigurðardóttir** var kosin á þing fyrir Alþýðuflokkinn árið 1978 en sagði sig úr flokknum haustið 1994 eftir langvarandi átök við Jón Baldvin Hannibalsson, þáverandi formann og var utan þingflokka fram að kosningunum 1995 en náði þá kjöri sem leiðtogi nýs flokks, Þjóðvaka. Þjóðvaki var eitt þeirra stjórnmálaafla sem síðan urðu að Samfylkingunni sem Jóhanna hefur setið á þingi fyrir frá því hann bauð fyrst fram í þingkosningunum 1999.

**Gunnar Örlygsson** varð þingmaður fyrir Frjálslynda flokkinn vorið 2003 en gekk til liðs við Sjálfstæðisflokkinn í maí árið 2005 og sat í þingflokki sjálfstæðismanna þar til hann lét af þingmennsku vorið 2007.

**Steingrímur J. Sigfússon**, var kjörinn á þing fyrir Alþýðubandalagið árið 1983. Í þeirri uppstokkun sem varð á vinstri væng stjórnmálanna í aðdraganda að stofnun Samfylkingarinnar sumarið og haustið 1998 sagði Steingrímur sig úr þingflokki Alþýðubandalagsins og var óháður þingmaður veturinn á eftir en náði kjöri sem leiðtogi nýr flokks, Vinstri grænna, í kosningunum 1999.

**Ögmundur Jónasson** varð þingmaður 1995 sem fulltrúi Alþýðubandalagsins og óháðra. Hann yfirgaf þingflokk Alþýðubandalagsins um svipað leyti og Steingrímur J. Sigfússon og Hjörleifur Guttormsson, og var utan flokka fram að kosningunum vorið 1999 þegar hann leiddi lista hins nýja flokks Vinstri grænna í Reykjavík.






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**RÓLEGHEIT** Horfur á fínu og rólegu veðri næstu daga, en það dregur smám saman úr vindi og einnig úrkomu til morguns. Hæg austanátt á fimmtudag og úrkomulítið og lítur út fyrir heldur hlýnandi veður undir lok vinnuvikunnar.




| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 15° |
| Basel | 12° |
| Berlín | 14° |
| Billund | 11° |
| Frankfurt | 16° |
| Friedrichshafen | 15° |
| Gautaborg | 9° |
| Kaupmannahöfn | 9° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 15° |
| Mallorca | 17° |
| New York | 12° |
| Orlando | 29° |
| Ósló | 3° |
| París | 15° |
| San Francisco | 14° |
| Stokkhólmur | 7° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is KYNNINGARSTJÓRI: Einar Skúlason einar.skulason@365.is

Ertu að leita upplýsinga?
www.suzuki.is

SUZUKI
Way of Life!




Tveir vinsælir fjórhjóladrifsbílar sem sameina öryggi, sparneytni, gott aðgengi og hagstætt verð




**Fjölskyldujeppinn**
**SUZUKI GRAND VITARA**
Eyðsla 8,9L/100 km í blönduðum akstri, sjálfskiptur
Verð kr. 4.980.000




**Sportjepplingurinn**
**SUZUKI SX4**
Eyðsla 7,6L/100 km í blönduðum akstri, sjálfskiptur
Verð kr. 3.690.000

FYRIR SKYNSAMT FÓLK

SUZUKI

TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR

Hugtök Markaðsráðgjöf Mars 2011

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS

**FRÉTTASKÝRING:** Ástandið í Mið-Austurlöndum

# Skriðdrekar brenna eftir árásir bandamanna við Benghasí í Líbíu

**Loftárásir Bandaríkjanna, Bretlands og Frakklands á skotmörk í Líbíu héldu áfram í gær. Uppreisnarmenn hófu gagnsókn gegn stjórnarhernum. Stýriflaugum var skotið á stjórnstöð hersins nærri höll Gaddafí. Markmiðið samt ekki sagt að ráða Gaddafí af dögum.**

Ónýtir skriðdrekar og brynvarðir bílar sáust víða á vegum í nágrenni borgarinnar Benghasí í gær. Borgin er höfuðvígi uppreisnarmanna gegn stjórn Moammars Gaddafí, einræðisherra Líbíu. Hart hefur verið barist í nágrenni borgarinnar undanfarið.

Stjórnarher Líbíu hörfaði frá uppreisnarmönnum nærri Benghasí eftir að loftárásir frá breskum og frönskum orrustuþotum eyðilögðu skriðdreka og önnur hertól sem þeir höfðu notað til að sækja að vígi uppreisnarmanna.

Í kjölfarið sóttu uppreisnarmenn fram í átt að bænum Ajdabiya, en urðu frá að hverfa eftir að hafa mætt harðri mótstöðu.

Nokkurt mannfall varð í bardögunum í gær, en tölur um fallna og særða hafa ekki fengist staðfestar.

Vestræn ríki sem gera nú loftárásir á Líbíu í kjölfar ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna skutu seint á sunnudag stýriflaugum á byggingu sem sagt er að hafi verið notuð til að skipuleggja og stýra árásum stjórnarhers landsins á uppreisnarmenn. Byggingin stóð á víggirtu svæði í Trípólí, höfuðborg landsins. Á svæðinu er einnig höll Gaddafí ásamt bedúínatjaldinu sem hann er sagður búa í.

Markmiðið með árásunum var ekki að ráða Gaddafí af dögum segir yfirmaður breska hersins. Engar fregnir hafa borist af því hvort Gaddafí var yfirhöfuð á svæðinu þegar árásin var gerð. Engar fregnir hafa borist af mannfalli í árásinni.

Hópur óbreyttra borgara hafði á föstudag tekið sér stöðu utan við svæðið til að koma í veg fyrir að hægt væri að gera árásir á það án þess að valda miklu mannfalli meðal óbreyttra borgara. Engar fregnir hafa borist af því hvort margir óbreyttir borgarar hafi verið á staðnum þegar árásin var gerð.

Þrátt fyrir að Gaddafí haldi reglulega til á svæðinu segja talsmenn breskra og franskra stjórnvalda að hann hafi ekki verið skotmarkið. Talsmaður franska varnarmálaráðuneytisins sagði raunar að þó að bandalagsherirnir vissu hvar Gaddafí væri yrði ekki ráðist gegn honum persónulega.

Yfirmaður breska heraflans sagði slíka árás ekki rúmast innan ramma ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Áður hefur þó komið fram að verði Gaddafí nærri þeim stöðum sem gerðar verði árásir á sé líf hans í hættu, eins og líf annarra í nágrenninu.

Staðfestar upplýsingar um mannfall hafa ekki borist frá því loftárásir bandalagsríkja hófust á laugardag. Upplýst var í gær að allar flugvélar sem notaðar hafa verið til eftirlits og árása hafi snúið óskaddaðar til baka.



**Brjánn Jónasson**
brjann@frettabladid.is



**ÁFRAM BARIST** Uppreisnarmenn sóttu að stjórnarher Líbíu við bæinn Ajdabiya í gær, en hörfuðu aftur eftir harða mótspyrnu stjórnarhersins. NORDICPHOTOS/AFP

## Staðan í Líbíu




## Ófriður í Mið-Austurlöndum

### Sýrland

Þúsundir Sýrlendinga tóku í gær þátt í kröfugöngu í borginni Deraa í Sýrlandi. Göngumenn kröfðust aukins frelsis og mótmæltu stjórnvöldum. Upp úr sauð þegar öryggislögregla skaut á fólk sem tók þátt í útför manns sem lést í mótmælagöngu á sunnudag. Í það minnsta fjórir hafa látist í átökum í landinu síðustu daga.

### Jemen

Tugir eru sagðir hafa látið lífið í átökum milli mótmælenda og lögreglu í Jemen síðustu daga. Þrír hátt settir foringjar í her landsins lýstu í gær yfir stuðningi við mótmælendur og sögðu af sér í kjölfarið. Stjórnvöld hafa fyrirskipað hernum að koma sér fyrir víða í höfuðborginni til að koma í veg fyrir mótmæli.



**MÓTMÆLT** Þúsundir mótmæltu stjórnvöldum í borginni Sanaa í Jemen í gær. NORDIPHOTOS/AFP

### Egyptaland

Um 77 prósent kjósenda í Egyptalandi samþykktu breytingar á stjórnarskrá landsins í þjóðaratkvæðagreiðslu sem fram fór á laugardag. Samþykkt var að takmarka setu forseta við tvö fjögurra ára kjörtímabil og sett skilyrði sem frambjóðendur verða að uppfylla. Ríflega 18 milljónir kusu í kosningunum, sem þýðir að kosningaþátttakan var um 41 prósent.



Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa

*Góður ávöxtunarkostur – einnig í áskrift*

10,2%
ÁRLEG NAFNÁVÖXTUN*
100% RÍKISTRYGGING

*Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 460 4700 eða kynntu þér málið á www.iv.is*

100% afsláttur af viðskiptaþóknun til 31. mars 2011




ÍSLENSK VERÐBRÉF
Þar sem þínir hagsmunir ráða ferðinni

Strandgata 3 600 Akureyri | Sigtún 42 105 Reykjavík
Sími: 460 4700 | www.iv.is | iv@iv.is

*Árleg nafnávöxtun frá 15.01.2001 til 28.02.2011. Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.

Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. er rekstrarfélag sjóðsins. Útboðslýsingu og nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu www.iv.is. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér útboðslýsingu sjóðsins og þá sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti.




## Kynntu þér sparneytnustu tegundir Toyota.

Líttu við hjá einum af viðurkenndum söluaðilum Toyota og kynntu þér hvernig hægt er að fá miklu meira úr hverjum bensínlítra.

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogi
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

www.toyota.is

Today
Tomorrow
Toyota

Bílarnir sem vísað er til í þessari auglýsingu eru: IQ 1.0l, Yaris 1.4 Dísel, Auris HSD og Prius HSD. Útlit bílanna í auglýsingunni getur að einhverju leyti verið frábrugðið útliti þeirra bíla sem vísað er til.

**KJÖRKASSINN**



*Styður þú hernaðaraðgerðir gegn stjórn Gaddafí í Líbíu?*

| | |
|---|---|
| Já | 77,5% |
| Nei | 22,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Telur þú að brotthvarf Lilju Mósesdóttur og Atla Gíslasonar verði ríkisstjórninni að falli?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

UNICEF leitar eftir aðstoð landsmanna til að hjálpa börnum í Líbíu og Japan:

# Leyfum börnum að vera börn

**HJÁLPARSTARF** „Mikið af flóttafólki í Líbíu er frá Sómalíu og öðrum nágrannaríkjum. Þrjú hundruð þúsund flóttamenn eru nú komnir aftur á vergang, þar af er helmingur þeirra börn,“ segir Stefán Ingi Stefánsson, framkvæmdastjóri Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) á Íslandi. Óttast er að fjöldi flóttafólks í Líbíu eigi eftir að aukast mjög á næstu vikum.

Barnahjálpin hefur ýtt úr vör fjársöfnun til stuðnings börnum á átakasvæðum í Líbíu og á hamfarasvæðum í Japan.



STEFÁN INGI STEFÁNSSON

Í Líbíu snýr aðstoð Barnahjálparinnar að því að vernda börn gegn ofbeldi og misnotkun, sjá til þess að þau hafi aðgang að nauðsynlegri heilsugæslu og hreinu vatni auk þess sem setja eigi upp farandskóla.

Í Japan hefur fjöldi barna og fjölskyldur þeirra hvorki aðgang að hreinu vatni né viðunandi hreinlætisaðstöðu. Barnahjálpin í Japan hefur komið til hjálpar með dreifingu á neyðargögnum fyrir börn á hamfarasvæðum. Reynt verður að koma skólastarfi fljótt í gang í báðum löndum.

Stefán segir mikilvægt að reyna allt til að koma í veg fyrir að hörmungarnar í löndunum báðum komi niður á börnum. „Það skiptir máli að leyfa börnum að vera börn,“ segir hann. Hægt er að styðja við málefnið á www.unicef.is.

- jab

Hafnfirðingur hrinti konu:

# Fékk heilahristing og brotnaði

**DÓMSMÁL Þrítugur karl hefur verið dæmdur í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að hrinda konu á heimili sínu þannig að hún slasaðist talsvert. Atvikið átti sér stað í Hafnarfirði í júní 2009. Konan hlaut stóra kúlu á hnakkann við fallið auk heilahristings og brotnaði á baugfingri hægri handar.**

**Maðurinn játaði brot sitt skýlaust. Auk fangelsisdómsins er manninum gert að greiða konunni rúmlega 700 þúsund krónur í miskabætur.**

FÁÐU ÞÉR
MASTERCARD
HJÁ KREDITKORTI
30 ÁRA REYNSLA AF KORTAÚTGÁFU
Hafðu samband. Við hjálpum þér að velja rétta kortið.
kreditkort.is | Ármúla 28
KREDITKORT

**SLYS**

### Festist í lyftu

Kona festist í lyftu í fjölbýlishúsi við Kleppsveg í Reykjavík í fyrrakvöld, þegar lyftan nam staðar á milli hæða. Hún hringdi í Neyðarlínuna sem sendi slökkviliðsmenn á vettvang. Þeir náðu að spenna lyftuhurðina upp og hleypa konunni út.

**HAFNARFJÖRÐUR**

### Þrír sendir til Tartu

Meirihluti bæjarráðs Hafnarfjarðar hefur ákveðið að senda þrjá fulltrúa á vinarbæjarmót í Tartu í Finnlandi. Fulltrúar minnihluta Sjálfstæðisflokks segja að í núverandi árferði séu ýmis önnur verkefni brýnni með tilheyrandi kostnaði.

**ÍSAFJÖRÐUR**

### Endurfjármagna lán

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga upp á 114 milljónir króna til þrettán ára. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins. Þetta kemur fram á vef Bæjarins besta.



**UNDRANDI** Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra áttar sig ekki á hvað Vilhjálmur Egilsson er að fara. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Er Vilhjálmur að biðja um þjóðnýtingu?

**Iðnaðarráðherra furðar sig á ummælum framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins um álver í Helguvík. Málið sé ekki í höndum stjórnvalda.**

**STJÓRNMÁL** Sú staðreynd að álver í Helguvík er ekki lengra á veg komið en raun ber vitni er mál Norðuráls og orkufyrirtækjanna, ekki ríkisstjórnarinnar.

Þetta segir Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, sagði í Fréttablaðinu á laugardag að skattahækkanir og niðurskurður opinberra útgjalda væru í kortunum vegna aðgerðaleysis stjórnvalda gagnvart atvinnulífinu. Ekki væru skilyrði til fjárfestinga til að skapa hagvöxt sem skilaði ríkinu tekjum. Nefndi hann álverið Helguvík sérstaklega. „Þegar menn eru á móti þessu verkefni eru þeir um leið að boða skattahækkanir upp á tólf til fimmtán milljarða,“ sagði Vilhjálmur. Aðeins strandaði á ákvörðunum stjórnvalda, næg orka væri til.

Katrín hafnar þessu sjónarmiði, afstaða stjórnvalda liggi fyrir með fjárfestingasamningi samþykktum af Alþingi. Óvissuþættirnir séu hins vegar af öðrum toga. „Þegar verkefnið fór af stað var Norðurál í samstarfi við Hitaveitu Suðurnesja [síðar HS orka] og Orkuveitu Reykjavíkur. Síðan varð efnahagshrun og sveitarfélögin sem áttu HS orku seldu fyrirtækið til einkaaðila. Þeir eigendur telja núna að það hafi orðið forsendubrestur. Forsvarsmenn Norðuráls eru ósammála og ákváðu að stefna HS orku. Hvaða ákvörðun stendur þá upp á stjórnvöld að taka,“ spyr Katrín. „Er það að þjóðnýta HS orku. Er það það sem Vilhjálmur er að kalla eftir? Það er í raun eina leiðin og hann þá líklega að biðja um að fyrirtækið verði þjóðnýtt og að ríkið standi við upphaflegu yfirlýsingarnar sem núverandi eigendur treysta sér ekki til að fylgja eftir út af ástandinu.“

Í annan stað nefnir Katrín Orkuveitu Reykjavíkur. „Á síðasta ári treysti Vilhjálmur Egilsson, sem formaður stjórnar lífeyrissjóðsins Gildi, sér ekki til að taka þátt í skuldabréfaútboði Orkuveitu Reykjavíkur sem var ætlað til að byrja að fjármagna nýjar framkvæmdir. Þá spyr ég; hvað telur hann hafa breyst og hvað telur hann að ríkið eigi að gera í þessu? Telur hann að ríkið eigi að taka Orkuveitu Reykjavíkur yfir og fara í þessar framkvæmdir?“

Í þriðja lagi lítur Katrín til Landsvirkjunar. „Það var skýrt að HS Orka og Orkuveita Reykjavíkur ættu að afla orkunnar en ekki Landsvirkjun. Verði ekki af því kalla menn eftir að Landsvirkjun komi að verkefninu. En þá spyr ég: „Hvaðan á sú orka að koma? Orkan úr neðri Þjórsá keyrir ekki heilt álver og ekki einu sinni hálft. Vilhjálmur er því væntanlega að kalla eftir að þetta yrði á kostnað atvinnuuppbyggingar á Norðurlandi. Því er ég alfarið á móti vegna þess að þar eru mál á góðu róli og það mun draga til tíðinda í þeim efnum á þessu ári.

Það er því ekki hægt að ræða um þetta mál með svona einföldum hætti og segja að stjórnvöld verði að taka einhverjar ákvarðanir. Ég átta mig ekki á hvaða ákvarðanir það ættu að vera.“

bjorn@frettabladid.is

**Innri endurskoðunardagur 2011**
Turninn, Smáratorgi, 20. hæð.
Föstudaginn 25. mars kl. 8.30–12.00

| | |
|---|---|
| | *Ráðstefnustjóri Lilja Steinþórsdóttir, forstöðumaður innri endurskoðunar Arion banka* |
| 8.00–8.30 | **Skráning og afhending gagna** |
| 8.30–8.40 | **Ráðstefnan sett** *Nanna Huld Aradóttir, formaður Félags um innri endurskoðun* |
| 8.40–9.10 | **Vinnubrögð atvinnulífs - hvar stöndum við og hvert er ferð heitið?** *Dr. Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands* |
| 9.10–9.40 | **Samkeppni og efling atvinnulífs** *Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins* |
| 9.40–10.10 | **Lærum af reynslunni – öfgar og skynsemi í stjórnarháttum** *Dr. Þóranna Jónsdóttir, framkvæmdastjóri samskiptasviðs Auðar Capital* |
| 10.10–10.30 | **Kaffi** |
| 10.30–11.00 | **Viðbrögð í kjölfar fjármálakreppunnar er snúa að endurskoðendum** *Sigurður Þórðarson, formaður nefndar um málefni endurskoðenda og fv. ríkisendurskoðandi* |
| 11.00–11.30 | **Stjórnarhættir og áherslur við eftirlitsskylda fjármálastarfsemi** *Rúnar Guðmundsson, sviðsstjóri hjá Fjármálaeftirlitinu* |
| 11.30–12.00 | **Ytri gagnrýni og innri viðbrögð – rannsókn á gagnrýni á fjármálastöðugleika** *Þröstur Olaf Sigurjónsson, lektor hjá viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík* |
| 12.00 | **Ráðstefnuslit** |
| | Ráðstefnugjald: 12.500 kr. Námsmat: Ráðstefnan gefur 4 endurmenntunareiningar hjá FIE, IIA og FLE. |

Ráðstefnan er opin félagsmönnum FIE, FLE og öðrum þeim sem áhuga hafa. Vinsamlegast tilkynnið þátttöku til **fie@fie.is** eigi síðar en **fyrir hádegi fimmtudaginn 24. mars.**

IIA
Félag um innri endurskoðun

*Hafðu samband*
sími 444 7000 • frjalsilif.is

FRJÁLSI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

# Frjálsi *lífeyrissjóðurinn*

## Ársfundur

Ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins verður haldinn **13. apríl** nk. kl.17:15 í höfuðstöðvum **Arion banka**, Borgartúni 19.

### Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning ársreiknings
3. Tryggingafræðileg athugun
4. Fjárfestingarstefna sjóðsins
5. Kosning stjórnar og varamanna
6. Kjör endurskoðanda
7. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
8. Laun stjórnarmanna
9. Önnur mál

Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins verða birtar á frjalsilif.is og verða aðgengilegar í höfuðstöðvum Arion banka tveimur vikum fyrir ársfund.

Stjórn sjóðsins hvetur sjóðfélaga til að mæta á fundinn.

## Nafn*ávöxtun* 2010




## *5 ára* meðalnafnávöxtun




*Stofnaður 1. janúar 2008
** Skuldabréf eru gerð upp á kaupkröfu.
*** Frjálsi Áhætta var stofnaður í ársbyrjun 2008 og því ekki til 5 ára tölur.

Ávöxtun í fortíð gefur ekki vísbendingu um ávöxtun í framtíð.
Myndin sýnir 5 ára meðalnafnávöxtun áranna 2005–2009 en ávöxtunin er mismunandi á milli ára.
Frekari upplýsingar um ávöxtun hvers árs má nálgast á frjalsilif.is

## Meginniðurstöður *ársreiknings* (í millj. króna)

**Efnahagsreikningur 31.12. 2010**

| Eignir | |
|---|---|
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 33.929 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 50.028 |
| Veðlán | 1.211 |
| Verðtryggður innlánsreikningur | 2.040 |
| Húseignir og lóðir | 15 |
| Fjárfestingar alls | 87.223 |
| Kröfur | 461 |
| Aðrar eignir | 1.647 |
| Eignir samtals | 89.330 |
| Skuldir | (2.267) |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 87.063 |

**Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2010**

| | |
|---|---|
| Iðgjöld | 6.069 |
| Lífeyrir | (2.517) |
| Fjárfestingartekjur | 7.040 |
| Fjárfestingargjöld | (260) |
| Rekstrarkostnaður | (134) |
| Hækkun á hreinni eign á árinu | 10.197 |
| Hrein eign frá fyrra ári | 76.867 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 87.063 |

**Lífeyrisskuldbindingar skv. niðurstöðu tryggingafræðings 31.12.2010**

| | |
|---|---|
| Eignir umfram áfallnar skuldbindingar | -4.275 |
| Í hlutfalli af áföllnum skuldbindingum | -17,8% |
| Eignir umfram heildarskuldbindingar | -3.793 |
| Í hlutfalli af heildarskuldbindingum | -6,9% |

**Kennitölur**

| | |
|---|---|
| Eign í ísl.kr. | 79,2% |
| Eign í erl.mynt | 20,8% |
| [1] Fjöldi virkra sjóðfélaga | 10.024 |
| Fjöldi sjóðfélaga í árslok | 40.632 |
| [2] Fjöldi lífeyrisþega | 1.441 |

[1] Meðaltal fjölda sjóðfélaga sem greiddi iðgjald á árinu.
[2] Meðaltal lífeyrisþega sem fengu greiddan lífeyri á árinu.

**Frjálsi lífeyrissjóðurinn hentar þeim sem hafa frjálst val um í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða skyldulífeyrissparnað sinn og er opinn öllum sem leggja fyrir í viðbótarlífeyrissparnað.**

Hafðu samband við **Lífeyrisþjónustu Arion banka** Borgartúni 19, í síma 444 7000, sendu tölvupóst á lifeyristhjonusta@arionbanki.is eða komdu við í næsta útibú.

Arion banki




Eitt félaga fjárfestingarfélagsins Sunds úrskurðað gjaldþrota í Hæstarétti:

# Fékk milljarða til kaupa í Glitni

**VIÐSKIPTI** Hæstiréttur úrskurðaði í síðustu viku að félagið IceProperties skyldi tekið til gjaldþrotaskipta. Félagið er í eigu Sunds, sem nú heitir IceCapital, og er í eigu þeirra Jóns Kristjánssonar, Gabríelu Kristjánsdóttur og Gunnþórunnar Jónsdóttur, ekkju Óla Kr. Sigurðssonar, sem kenndur var við Olís.

Í úrskurði Hæstaréttar segir að Iceproperties hafi fengið í átta skipti í mars og júlí 2008 samtals rúma 7,8 milljarða króna að láni hjá Glitni til kaupa á hlutabréfum bankans. Ekkert hafi verið greitt á gjalddaga í fyrra eða á þessu ári.

**24,6** milljarðar króna var neikvætt eigið fé Sunds í lok árs 2009. Heildarskuldir námu tæpum 30 milljörðum króna.

Sund og Iceproperties áttu á þessum tíma saman 3,8 prósenta hlut í Glitni. Sund átti jafnframt stóran hlut í VBS Fjárfestingarbanka auk stofnfjárbréfa í Byr sparisjóði og Sparisjóði Keflavíkur og Sparisjóði Vestfirðinga.

Sund tapaði sjö milljörðum króna árið 2009. Heildarskuldir námu tæpum 30 milljörðum og var eigið fé neikvætt um 24,6 milljarða.

Fram kemur í ársreikningi árið 2009 að slitastjórnir og viðsemjendur Sunds hafi reynt að fá stjórnendur til að lýsa félagið gjaldþrota þar sem það geti ekki staðið við skuldbindingar. Ekki hafi verið orðið við því og bera stjórnendur Sunds fyrir sig að félagið sé ekki bundið af lánasamningum vegna forsendubrests. **- jab**

# Ætla að kæra aðstoð verði hún veitt

**Hópur íbúa í Kópavogi undirbýr málarekstur hlaupi bærinn undir bagga með bæjarfulltrúum í kærumáli Frjálsrar miðlunar á hendur bæjarfulltrúunum. Bæjarstjórn Kópavogs tekur í dag fyrir samþykkt bæjarráðs þar að lútandi.**

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Höfðað verður mál á hendur Kópavogsbæ fari svo að bæjarstjórn staðfesti í dag samþykkt bæjarráðs Kópavogs frá því á fimmtudag um að greiða lögmannskostnað vegna meiðyrðamáls á hendur þremur bæjarfulltrúum.

Félagið Frjáls miðlun höfðaði málið gegn Guðríði Arnardóttur og Hafsteini Karlssyni úr Samfylkingunni og Ólafi Þór Gunnarssyni úr Vinstri grænum vegna ummæla þeirra í blaðagrein. Frjáls miðlun er í eigu dóttur og tengdasonar Gunnars I. Birgissonar, fyrrverandi bæjarstjóra Kópavogs, en ummælin vörðuðu viðskipti Frjálsrar miðlunar við Kópavogsbæ.

Jóhann H. Hafstein héraðsdómslögmaður segist fara fyrir hópi einstaklinga í Kópavogi sem sætti sig ekki við að bærinn leggi út fyrir kostnaði bæjarfulltrúanna. Hann segist gera ráð fyrir að fyrsta skrefið yrði að kæra málið til innanríkisráðuneytisins, sem fari með málefni sveitarstjórna. „Í rauninni er það réttur hvers Kópavogsbúa að bera þessa ákvörðun undir réttan aðila,“ áréttar hann.


GUÐRÍÐUR ARNARDÓTTIR


HAFSTEINN KARLSSON


ÓLAFUR ÞÓR GUNNARSSON

Bæjarráð setti sem skilyrði fyrir samþykkt sinni á greiðslu kostnaðarins að bæjarfulltrúarnir undirrituðu samkomulag við bæinn þess efnis að þeir endurgreiði í bæjarsjóð greiðslu vegna málskostnaðar verði niðurstaða Hæstaréttar Íslands sú að þeir hafi brotið gegn ákvæðum hegningarlaga.

Gerð er athugasemd við að ekki liggi fyrir endanlegur kostnaður vegna málarekstursins og að í raun sé íbúum Kópavogs gert að greiða lögmannskostnað fyrir bæjarfulltrúa í einkamáli þeirra. Kópavogsbær eigi enga aðild að málinu.

Átalið er að bæjarráð hafi samþykkt greiðslurnar þrátt fyrir að í fyrirliggjandi áliti Lagastofnunar Háskólans komi fram að greiðsla málskostnaðar fyrir kjörna bæjarfulltrúa búi til örðug álitamál í ljósi jafnræðisreglna og fordæmi sem leitt gæti til þess að játa yrði öðrum en kjörnum fulltrúum sambærilega aðstoð.

Jóhann segir hins vegar upphæðir skipta minna máli í þessu samhengi, fyrir liggi að kostnaðurinn vegna málarekstursins verði ekki slíkur að það íþyngi bænum. „Það er prinsippmál að bæjarfulltrúar geti ekki sjálfir samþykkt til sín greiðslur úr bæjarsjóði,“ segir hann.

**olikr@frettabladid.is**



# VIÐSKIPTAVINIR LEITA TIL OKKAR TIL AÐ KAUPA BENSÍN OG OLÍU. VIÐ SELJUM ÞEIM BENSÍN OG OLÍU. ÞESS VEGNA ERU VIÐSKIPTAVINIR OKKAR ÁNÆGÐUSTU* VIÐSKIPTAVINIR OLÍUFÉLAGANNA.




**ORKAN ER VÖRUMERKI Í EIGU SKELJUNGS OG ÓB ER VÖRUMERKI Í EIGU OLÍS.

*VIÐSKIPTAVINIR ATLANTSOLÍU ERU ÁNÆGÐUSTU VIÐSKIPTAVINIR OLÍUFÉLAGANNA SAMKVÆMT ÁNÆGJUVOGINNI.

SÆKTU UM DÆLULYKIL Á WWW.ATLANTSOLIA.IS

LENGI LIFI SAMKEPPNI

ATLANTSOLÍA

Atlantsolía var stofnuð til að veita stóru olíufélögunum samkeppni. Við rufum einokun olíurisanna þriggja árið 2003 og höfum haldið keppinautunum við efnið síðan.

Dælulykill gefur afslátt hjá þessum frábæru fyrirtækjum:

MÁLNINGARVÖRUR · kemi · AÞ-ÞRIF · GÚMMÍVINNSLAN · Aðalskoðun · TE & KAFFI

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Brotthvarf Atla og Lilju veikir villta vinstrið, en ekki endilega stjórnarsamstarfið.

## Stjórnmála-menningarpáfar

Úrsögn þingmannanna Lilju Mósesdóttur og Atla Gíslasonar úr þingflokki Vinstri grænna og þar með úr stjórnarliðinu kemur ekki mjög á óvart. Þingmennirnir höfðu í raun, með hjásetu sinni við afgreiðslu fjárlaganna í desember, lýst því yfir að þeir styddu ekki ríkisstjórnina. Það kemur frekar á óvart að þau skyldu ekki stíga þetta skref fyrr, og að félagi þeirra úr hjásetunni, Ásmundur Einar Daðason, skyldi ekki fara sömu leið.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Þingmennirnir hljóta raunar að hafa verið óhamingjusamir í þessu stjórnarsamstarfi allt frá upphafi. Stóru málin sem þau nefna fyrir því að hætta stuðningi við ríkisstjórnina eru samstarfið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, umsóknin um aðild að Evrópusambandinu, samningar um Icesave og niðurskurður sem liður í því að ná hallalausum fjárlögum. Öll eru þessi mál í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar, sem þau samþykktu eins og aðrir þingmenn VG á sínum tíma.

„Stjórnmálamenningin“ sem Lilja og Atli tilgreina sem enn eina ástæðuna fyrir úrsögn sinni úr þingflokknum, felst að sögn í foringjaræði, undirlægjuhætti þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu og að þau hafi ekki notið málfrelsis. Í þessu efni geta þau haft ýmislegt til síns máls, þótt reyndar hafi ekki orðið sérstaklega vart við að þau hafi verið múlbundin af flokksforystunni; í það minnsta hefur Lilja Mósesdóttir verið opinberlega á móti flestum stærstu málum ríkisstjórnarinnar og Atli á móti sumum.

En fleira felst í góðri stjórnmálamenningu, sem Atli og Lilja telja sig vera fulltrúa fyrir. Til þess að hægt sé að stjórna landinu verða stjórnmálaflokkar og fulltrúar þeirra til dæmis að vera reiðubúnir að gera málamiðlanir, því að á lýðveldistímanum hefur enginn flokkur fengið hreinan meirihluta á Alþingi. Hvernig ætli tækist til við stjórn landsmálanna ef hver einasti þingmaður (eða þótt þeir væru tveir og tveir saman) væri aldrei tilbúinn að hvika frá sínum afdráttarlausustu skoðunum í þágu samstarfs í ríkisstjórn? Það er hætt við að slíkt ástand væri ekkert sérstaklega menningarlegt.

Það er alltaf áfall fyrir ríkisstjórn þegar kvarnast úr liði hennar. En í þessu tilviki er ekki alveg augljóst að stjórnin veikist við það. Tveir af háværustu talsmönnum vinstri arms Vinstri grænna eru nú horfnir úr stjórnarliðinu. Það þýðir að forystumenn stjórnarinnar þurfa ekki lengur að taka tillit til sjónarmiða þeirra og hugsanlega gengur þá betur að ná saman um ýmis mál.

Mikið veltur á því hvernig aðrir í villta vinstrinu bregðast við, til dæmis Ásmundur Einar og órólegu ráðherrarnir, Jón Bjarnason og Ögmundur Jónasson. Ef þeir verða áfram upp á móti ýmsum málum sem er að finna í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna eru dagar stjórnarinnar senn taldir. En það er líka hugsanlegt að þessir viðburðir þjappi saman stjórnarþingmönnum, sem þrátt fyrir allt vilja ekki fórna völdunum sem þeir hafa.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

Nýr vörulisti ...

Landsins mesta úrval hreinlætisvara.

Mikið úrval af umhverfisvottuðum vörum.




Sími 510 1200
www.tandur.is

TANDUR - Þegar hreinlæti skiptir máli

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Varamennirnir

Við veðrabrigði í pólitíkinni dunda menn sér gjarnan við að velta því mögulega fyrir sér. Atli Gíslason og Lilja Mósesdóttir upplýstu bæði í gær að hvarflað hefði að þeim að afsala sér þingmennsku og raunar var ekki annað á þeim að skilja en að þau kynnu að kveðja þingið fyrir fullt og fast einhvern tíma seinna. Og hvað ætli gerðist þá? Jú, varamaður Atla er Arndís Soffía Sigurðardóttir og varamaður Lilju er Kolbrún Halldórsdóttir. Báðar verða að teljast líklegar til að fylgja VG að málum.



### Á óvart og ekki á óvart

Misjafnt var hvort brotthvarf tvímenninganna úr þingflokki VG kæmi fólki á óvart. Lilja sagðist í Fréttablaðinu milli jóla og nýárs vera að íhuga málið og þeirri íhugun lauk sem sagt tæpum þremur mánuðum síðar með úrsögn. Ákvörðun Atla kom því frekar á óvart. Raunar hefur því verið spáð um nokkra hríð að Atli myndi segja skilið við stjórnmálin enda hefur hann verið vart annað en skugginn af sjálfum sér eftir umfjöllun og meðferð þingsins um Landsdómsákærumálið í september.



### Áhrifaleysi

Ástæða úrsagna Atla og Lilju úr þingflokknum er fyrst og síðast sú að þau telja að ekki hafi verið hlustað á þau. Þau hafa því sagt bless og ætla að starfa utan flokka. Nokkur reynsla er af störfum þingmanna utan flokka, það er að segja í skiptum og tíma talið. Í málefnalegu tilliti vegur sú reynsla létt. Með öðrum orðum sanna dæmin að hafi þingmenn verið áhrifalausir í þingflokkum verða þeir með öllu áhrifalausir utan þingflokka. Svo má nefna að Lilja hefur sótt talsverðan styrk í að vera stjórnarþingmaður á móti stjórninni. Nú er hún bara á móti. bjorn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Raunvextir í fjötrum

Vextir



Már Wolfgang Mixa
Kennari við Háskólann í Reykjavík

Stýrivextir hafa lækkað ört síðustu mánuði og eru þeir nú í sögulegu lágmarki. Þessar fréttir skipta þó meginhluta þjóðarinnar litlu máli, sem skuldar aðallega verðtryggð húsnæðislán. Fastir raunvextir slíkra lána hafa staðið í stað og breytilegir vextir hafa ekki fylgt vaxtaþróun íbúðabréfa undanfarna mánuði. Til dæmis hefur almennt vaxtaálag breytilegra lífeyrissjóðalána LSR verið í kringum 0,5% hærra en meðalávöxtunarkrafa íbúðabréfa. Í dag er sú krafa um 3% og því ættu breytilegir raunvextir LSR að vera í kringum 3,5%. Þeir eru hins vegar 4% í dag og sambærilegt heimasíðu sjóðsins fara þeir ekki neðar. Fyrir fjölskyldu sem skuldar 20 milljónir munar þetta um 100 þúsund krónum í árlegan vaxtakostnað. Hví lækka raunvextir húsnæðislána ekki í takt við markaðsaðstæður?

> Hví lækka raunvextir húsnæðislána ekki í takt við markaðsaðstæður?

Samkvæmt lögum um ávöxtun lífeyrissjóða skal árleg raunávöxtun þeirra ekki vera minni en 3,5%. Þetta var e.t.v. raunhæft sjónarmið á sínum tíma þegar íslensk skuldabréf báru miklu hærri ávöxtunarkröfu. Í dag eru þessi lög hins vegar úr takti við raunveruleikann, bæði nú og til lengri tíma. Þar sem lífeyrissjóðir eru skyldugir til að ávaxta fjármuni sína samkvæmt þessum lögum þá er ekki hægt að ætlast til þess af þeim að þeir láni sjóðsfélögum sínum í takti við markaðsaðstæður. Þess í stað neyðast þeir til að halda raunvaxtastigi uppi. Lækkun raunvaxta er því í fjötrum lagaákvæða.

Því hlýtur það að vera hlutverk löggjafans að breyta þessum lögum hið fyrsta svo að þau séu í takti við aðstæður, t.d. að samræma þau við ávöxtunarkröfur sem ríkja á hverjum tíma, og losi lækkun raunvaxta úr fjötrum. Líklegt er að ávöxtunarkrafa íbúðabréfa lækki enn frekar með auknum sveigjanleika í lögum varðandi ávöxtun lífeyrissjóða. Það myndi draga úr vaxtakostnaði íslenskra heimila sem og fyrirtækja og gera mörg fjárfestingartækifæri að raunhæfari kostum. Afnám hafta á lækkun raunvaxta væri því eins og vítamínsprauta í uppbyggingu íslensks samfélags og atvinnulífs.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Evrópa og lífræn ræktun

Landbúnaður

Eygló Björk Ólafsdóttir
viðskiptafræðingur og matvælaframleiðandi



Töluvert hefur verið rætt um áherslur í landbúnaði undanfarið, t.a.m. í framhaldi af nýlegri þingsályktunartillögu um mótun framleiðslustefnu fyrir lífrænan landbúnað og nú síðast í tengslum við stofnun samtaka lífrænna neytenda. Tilurð samtakanna er í takt við þróun í öðrum löndum þar sem almenningur þrýstir á um úrbætur á sviði matvælaframleiðslu og að teknar séu upp aðferðir sem byggja á gildum lífrænnar ræktunar. Margt bendir til að Ísland sé að verða eftirbátur þeirrar þróunar þegar kemur að vægi lífræns landbúnaðar í heildinni. Hér verður fjallað um þá stefnu sem mótuð hefur verið innan Evrópusambandsins fyrir þessa atvinnugrein og til hvaða aðgerða þar hefur verið gripið til að auka hlutdeild lífrænt vottaðra afurða í matvælaframleiðslu.

### Aukin áhersla ESB á lífrænan landbúnað

Eftirspurn eftir vottuðum lífrænum matvörum hefur aukist jafnt og þétt í Evrópu á undanförnum 20-30 árum. Þessi þróun hefur haldist í hendur við aukna kröfu almennings um umhverfisvernd, en í lífrænum landbúnaði er ekki notast við skordýraeitur eða tilbúinn áburð, heldur eru fundnar náttúrulegar leiðir til þess að sporna við ágangi skordýra og auka frjósemi jarðvegs. Þetta m.a. gerir að verkum að lífrænir búskaparhættir þykja best til þess fallnir að sporna gegn mengun grunnvatns, jarðvegs og losun gróðurhúsalofttegunda. Evrópusambandið hefur viðurkennt þetta og kynnti árið 2004 markvissa aðgerðaætlun til að stuðla að fjölgun bænda í lífrænum landbúnaði og auka útbreiðslu lífrænt vottaðra afurða innan Evrópu. Þessi stefnumótun er talin mikilvægur liður í því að stuðla að sjálfbærni við matvælaframleiðslu, viðhalda líffræðilegri fjölbreytni, tryggja velferð búfjár og heilsu manna. Eitt meginmarkmið þessarar ætlunar er að upplýsa neytendur um kosti lífrænna framleiðsluaðferða og mikilvægi þeirra fyrir umhverfið og ver ESB nú árlega milljónum evra til auglýsingaherferðar undir yfirskriftinni „Good for Nature – good for you“.

### Staða og nálgun innan ESB

Neytendavörumarkaður og viðskipti milli landa með vottaðar lífrænar framleiðsluvörur vaxa nú hratt í Evrópu. Árið 2008 var um 5% ræktaðs lands varið til lífrænnar ræktunar í löndum ESB að meðaltali. Þar er enn sem komið er mikill munur milli landa þar sem ný-innkomin lönd á borð við Rúmeníu og Búlgaríu eru neðst á listanum með innan við 1% en Austurríki trónir efst á toppnum með rúmlega 15%. Önnur lönd sem náð hafa mjög góðum árangri eru Tékkland, Eistland og Lettland með í kringum 9% og Svíþjóð þar sem hlutfallið er 12%. Aðgerðaáætlun ESB miðar að því að árið 2020 verði 20% af ræktuðu landi í aðildarlöndunum í lífrænni ræktun. Þess má geta að hér á Íslandi er hlutfallið í kringum 1% í dag, og því þarf Ísland að nær 20falda það landssvæði sem varið er til lífrænnar ræktunar á 9 árum, ætli það að fylgja eftir þessari þróun að meðaltali.

> Stuðningur til lífrænna bænda er u.þ.b. helmingi hærri en til bænda í hefðbundnum búskap vegna samþættingar styrkja og umhverfisvænna búskaparhátta.

Lífrænir bændur falla undir sameiginlega landbúnaðarstefnu ESB (CAP) þar sem stuðningur til lífrænna bænda er u.þ.b. helmingi hærri en til bænda í hefðbundnum búskap vegna samþættingar styrkja og umhverfisvænna búskaparhátta. En megin forsenda þess að fjölga megi bændum í lífrænum landbúnaði er hins vegar fjárhagslegur stuðningur á meðan verið er að aðlaga búskapinn að lífrænum framleiðsluháttum, þar sem uppskera og afköst geta minnkað tímabundið á meðan á aðlögun stendur. Þessi stuðningur hefur verið sáralítill á Íslandi og aðeins til tveggja ára, samanborið við Evrópusambandslöndin sem miða við 5 ára aðlögunartíma, en nú vinnur Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að mótun nýrra reglna til að auðvelda bændum aðlögun að lífrænum búskaparháttum. En meira þarf að koma til en fjárhagslegur stuðningur og er Frakkland gott dæmi um land sem nú nálgast lífrænan landbúnað með heildstæðri stefnu byggðri á stuðningi vegna aðlögunar, markvissri upplýsingagjöf til neytenda og samstarfi stofnana og hlutaðeigandi. Allt er þetta undirbyggt með öflugu rannsóknarstarfi vísindamanna og háskóla sem sýna stöðugt fram á mikilvægi þessara framleiðsluaðferða fyrir framtíðina. Landbúnaðarháskólar í Frakkalandi eru nú skyldugir til að bjóða a.m.k. eina námsbraut á BS eða MS stigi á sviði lífræns landbúnaðar.

### Tækifæri til framtíðar

Ætla má að eftir því sem almenningur verður meðvitaðri um gæði lífrænt vottaðra afurða og mikilvægi þessara framleiðsluaðferða fyrir umhverfið þá muni þessi gæðastimpill hafa æ meiri þýðingu í framtíðinni. Sem betur fer eru neytendur í auknum mæli farnir að leggja að jöfnu upplifun sína á gæðum og áhrif á umhverfi við innkaup á matvælum. Skýr stefnumótun, samhent átak og viðhorfsbreyting stofnana og fagaðila er nauðsynlegt til að koma Íslandi á þá braut að sama áhersla verði lögð á lífrænan landbúnað og matvælaframleiðslu eins og nú er gert í löndunum í kringum okkur. Ekki verður séð til hvaða annarra ráða Ísland ætti að grípa til að undirstrika gæði sinna afurða þegar neytendur á meginlandinu og víðar verða sífellt upplýstari um kosti og nauðsyn lífrænt vottaðra framleiðsluaðferða.

# Möguleikar Íslands

Þjóðmál

Heiðar Guðjónsson
formaður stjórnar RSE



Við Íslendingar stöndum á krossgötum í dag, þar sem við spyrjum okkur grundvallarspurninga eins og á hverju munum við lifa og byggja landið í framtíðinni. Flestum þykir að sjálfsögðu erfitt að hafa ekki fast land undir fótum þegar kemur að slíkum lykilspurningum og því mikilvægt að uppbyggileg umræða fari fram sem hjálpi okkur að gera myndina skýrari, þannig að við vitum betur hvert skal stefna.

Staðreyndin er að hamingja hvers manns ræðst mikið af væntingum um framtíðina. Snúist væntingar um framtíðina um verri tíð, er hamingjan takmörkuð. Séu væntingar um betri aðstæður eykst hamingja og þróttur hvers manns.

Umræðan um hvers konar þjóðfélag eigi að ríkja á Íslandi byggir á framtíðarsýn okkar um þróun þeirra þátta sem hafa áhrif á okkur. Hugmyndir félagsfræðinga, landafræðinga, veðurfræðinga og hagfræðinga mótast af ólíkum þáttum. Hins vegar virðist hjálplegt að taka þær hugmyndir saman og sjá hvað helstu sérfræðingar telji að verði helstu áhrifavaldar um þróun lífs á jörðinni.

Dr. Laurence Smith, prófessor við UCLA háskóla, gaf út bók sína „The New North“ í þessum mánuði í Evrópu, en hugmyndir hans hafa vakið gríðarlega athygli. Þær byggjast á því að fjórir grunnþættir verði ráðandi um þróun lífskjara almennings. Þær eru fjölgun mannkyns, alþjóðavæðing, sókn í hrávörur og hlýnun jarðar.

Deila má endalaust um þessa þætti. Hvað valdi og hvort að mál muni þróast með einum hætti eða öðrum. Það breytir því hins vegar ekki að að áhugavert er að ímynda sér hvaða áhrif það hefði gengi þessi framtíðarsýn eftir.

Í bókinni fjallar Dr. Smith um ríki norðurheimskautsins og hvernig lífsgæði þar muni aukast í framtíðinni. Þannig muni hnattræn hlýnun bæta stöðu landbúnaðar og auka flutning fólks norður þegar veðurskilyrði batna þar en versna á öðrum svæðum. Ferðamannaiðnaður muni vaxa. Aðgangur að vatni verði æ mikilvægari og „blátt gull“ þessara landa séu stærstu birgðir jarðar af vatni. Eins muni leit að olíu og gasi færast norður á bóginn samhliða siglingum og flutningum á sjó.

> Við framleiðum tíu sinnum meira af próteini, með fiskveiðum og vinnslu, en við neytum.

Íslendingar framleiða í dag 5 sinnum þá orku sem þeir þurfa, en umframorkan er seld til erlendrar stóriðju. Við framleiðum tíu sinnum meira af próteini, með fiskveiðum og vinnslu, en við neytum. Við eigum gríðarlegar birgðir af hreinu vatni og nú bætast við möguleikar á olíu og gasleit, þegar Norðmenn eru að byrja að rannsaka Drekasvæðið, en Íslendingar eiga tilkall til 75% af þeim auðlindum sem þar finnast.

Á síðustu 30 árum hefur Íslendingum fjölgað um helming og Dr. Smith telur að sú þróun muni væntanlega halda áfram. Íslendingar verði því um hálf milljón eftir önnur 30 ár.

Miðað við stöðu og auðlindir Íslands og ofangreinda framtíðarsýn eru tækifærin í tengslum við hinar gríðarlegu náttúruauðlindir sem Íslendingar eiga mögnuð og geta hæglega skapað slíkum íbúafjölda lífsskilyrði í fremstu röð. Í slíkri framtíðarsýn er Ísland land tækifæranna þar sem þjóðin getur horft þróttmikil fram á veg.

Allir sem eru áhugasamir um hugmyndir Dr. Smith eru boðnir velkomnir á á fyrirlestur hans á föstudag 25. mars í ráðstefnusal Þjóðminjasafns Íslands klukkan 12.00.



# Hjartað tekið úr sambandi

**Skólamál**

**Kristín Steinsdóttir**
formaður Rithöfundasambands Íslands



Undanfarna daga og vikur hafa borist fréttir af miklum niðurskurði í skólakerfinu. Það mátti búast við samdrætti en að gengið yrði svo hraustlega til verks sem nú hefur sýnt sig var meira en svartsýnustu menn bjuggust við. Þegar hamingjusamasta þjóð í heimi vaknaði upp af værum blundi og tæra snilldin hafði verið afhjúpuð þurfti að taka til og byggja upp nýja heimsmynd. Hástöfum var rætt um ný gildi – nýtt mat á lífinu og tilverunni.

Í hinu nýja samfélagi virðist skólakerfið ekki hafa verið sett á. Þó lúta allar kannanir að því að vel menntuð þjóð sé gulls ígildi og börnunum okkar og barnabörnum er enn hampað á tyllidögum. Þá eiga þau að erfa landið og flytja arfinn frá kynslóð til kynslóðar en svo kemur mánudagur og þá horfir málið öðruvísi við. Þá er fjölgað í bekkjum, leikskólum slegið saman. Og skólabókasöfnin – þar sem fer fram fjölbreytt starf og lestrarhvetjandi sem aftur eykur færni í öllu námi – fjárveiting til þeirra er skorin niður við trog og skólasafnskennurum boðið hálft starf. Hvernig er hægt að vera svona skammsýnn? Þvert ofan í allt sem sagt hefur verið. Er okkur þá alveg sama um krakkana þegar upp er staðið?

Engum sem kemur í skólana dylst hve skólabókasöfn eru mikils virði. Segja má að þau séu hjarta skólans. Þar eru næðisstundirnar og yndislesturinn. Og þar er lagt kapp á að kynna og auka áhuga nemenda á bókmenntum og menningu. Oft fá safnkennarar rithöfunda til liðs við sig. Úr því hlýja hreiðri sem skólasafnið er fara börnin ríkari. Í hraðasamfélaginu okkar er því miður allt sem bendir til að yndislestrarstundum fari fækkandi. Skólasafnskennarar hafa reynt að bregðast við því.

Nú er svo komið að fjárveiting til safnanna er ekki að verða að neinu og það er liðin tíð að hægt sé að bjóða rithöfundi í heimsókn gegn greiðslu. Sumir skólanna hafa varla keypt nýja bók í tvö ár. Öll vitum við þó hve gaman er að fá nýja bók þegar jólin nálgast og bækurnar koma á markaðinn. Það er ekki ásættanlegt að skólasöfnin bjóði nemendum eingöngu upp á eldri bækur. Og enn hraklegra að störf skólasafnskennara séu léttvæg fundin og skorin niður um helming.

> Á sama tíma og þessi aðför er gerð að grunnskólum Reykjavíkur er borgin að berjast við að fá tilnefninguna Bókmenntaborg UNESCO

Á sama tíma og þessi aðför er gerð að grunnskólum Reykjavíkur er borgin að berjast við að fá tilnefninguna Bókmenntaborg UNESCO. Nei, þetta er ekki brandari heldur blákaldur veruleiki. Hlýtur ekki borg sem keppist um að vera bókmenntaborg á heimsmælikvarða að hlúa einstaklega vel að borgurunum? Ætla mætti að lestur og bókmenntir skipi þar öndvegi. Ef bráðgerar kynslóðir og vel læsar alast ekki upp í þessu landi verður heldur enginn til að standa undir vegsemdinni bókmenntaborg eftir nokkra átugi. Ólæs bókmenntaborg? Óhugsandi!

Íslendingar eru heiðursgestir á stærstu bókamessu í heimi í Frankfurt í Þýskalandi í október nk. Það er væntanlega ekki út á ólæsi? Nei, Ísland var valið fyrst Norðurlandanna til þess að hljóta þá vegsemd. Þessa dagana eru íslenskir höfundar þýddir á erlendar tungur og hróður þeirra berst langt út fyrir landsteinana. Á sama tíma erum við sjálf að veita okkur náðarhöggið innan frá. Er þetta hægt? Svarið er nei.

Hér má til að koma hugarfarsbreyting. Við verðum að hætta að flagga börnum og bóklestri á hátíðisdögum. Gerum heldur alla daga að tyllidögum. Ef við hlúum ekki að því góða starf sem unnið er á skólabókasöfnunum tökum við hjarta skólanna úr sambandi hægt en örugglega. Á því hefur íslensk þjóð ekki efni.

## Forsmán

**Icesave**

**Átta hæstaréttarlögmenn**
skrifa um Icesavelögin

Bretar sýndu okkur Íslendingum einstakan yfirgang og rangsleitni þegar þeir beittu hryðjuverkalögum sínum á okkur haustið 2008. Þessir ætluðu vinir okkar ollu okkur þá vitandi vits ómældu fjárhagslegu tjóni sem þeir munu aldrei bæta.

Nú vilja íslenskir stjórnmálamenn launa þeim þennan óleik með því að skuldbinda þjóðina til að greiða þeim löglausu Icesavekröfurnar. Þetta er forsmán. Fellum Icesave-lögin.

*Brynjar Níelsson hrl.*
*Björgvin Þorsteinsson hrl.*
*Haukur Örn Birgisson hrl.*
*Jón Jónsson hrl.*
*Reimar Pétursson hrl.*
*Sveinn Snorrason hrl*
*Tómas Jónsson hrl.*
*Þorsteinn Einarsson hrl.*




FORNÁM Í FORRITUN

Undirbúningsnám fyrir Dipómanám í forritun

Forritun er fjölbreitt, skapandi, alþjóðleg, krefjandi og skemmtileg starfsgrein sem stöðugt vantar nýja og skapandi starfskrafta. Þeir sem hafa stúdentspróf eða hliðstæða menntun geta valið að fara beint í Diplómanám í forritun.

Markmið þessa námskeiðs er að nemendur læri undirstöðuatriði forritunar og er jafnframt undirbúningur fyrir Diplómanám í forritun. Einnig gerir fornámið nemendum kleift að meta hvort þeir hafi áhuga og getu til að halda áfram á þessari braut, í Diplómanám (282 stundir) og þaðan í Leikjaforritun (204 stundir) sem hvorutveggja eru kennd hjá NTV.

Helstu námsgreinar:

- Tölvur, hugtök og stýrikerfi (18 stundir)
- Hagnýt stærðfræði (30 stundir)
- Java forritun (60 stundir)

Atvinnulausir fá 25% styrk frá NTV af auglýstu staðgreiðsluverði

108 stundir - Verð: 149.000.-
Þriðjudaga og fimtudaga 18-22 og laugardaga 8:30-12:30
Námskeiðið hefst 26. apríl og lýkur 7. júní.

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI

# „Vinur eins og ég“

**Sérskólar**

**Róbert Jack**
faðir þroskaskertrar stúlku



Í Kastljósi Sjónvarpsins á þriðjudagskvöld gagnrýndi Ásta Kristrún Ólafsdóttir skólastefnuna skóla án aðgreiningar sem mjög er litið til í skólum landsins nú um stundir. Hún telur stefnuna vilja útrýma sérskólum fyrir þroskaskerta, en hún á son í Öskjuhlíðarskóla. Dóra S. Bjarnason svaraði svo fyrir hönd skóla án aðgreiningar daginn eftir og staðfesti reyndar að endanlegt markmið sé að loka öllum sérskólum og sinna þroskaskertum nemendum algerlega innan almenna skólakerfisins. Sjálfur á ég þroskaskerta dóttur og er því málið skylt. Ég hef miklar efasemdir um að almenna skólakerfið geti fyllilega sinnt þörfum þroskaskertra nemenda. Fyrir því tel ég tvenn rök veigamest og lúta þau mjög að vellíðan nemendanna.

Í fyrsta lagi er mjög erfitt að láta sér líða vel þegar maður skilur lítið sem ekkert af því sem gerist í kringum mann á meðan aðrir skilja og geta tekið þátt. Þroskaskert barn í almennum skóla er stöðugt sett í þá aðstöðu að skilja ekki það sem fram fer. Sérkennsla er þá úrræðið, en hversu góð sem hún er breytir hún ekki þeirri staðreynd að nemandinn fær ekki að upplifa þá tilfinningu að læra með öðrum og njóta námslegra ávaxta þess með sama hætti og aðrir.

Í öðru lagi er erfitt fyrir þroskaskertan nemanda að eignast vini meðal fólks sem er á allt öðru þroskastigi. Við setjum ekki venjulegt sex ára barn í 10. bekk. Þroskamunurinn er einfaldlega of mikill. Þroskaskertur nemandi upplifir sig með sama hætti og sex ára barn í 10. bekk, því hann hefur ekki forsendur til að skilja þau viðfangsefni sem samnemendur hans eru að fást við innan og utan skóla. Hlutskiptið er þá einangrun og vinaleysi.

Í stuttu máli skapar það vanlíðan að vera haldið í umhverfi þar sem maður hefur hvorki námslegar né félagslegar forsendur til að vera hluti af hópnum. Þetta ættu allir að skilja og þetta krefst þess beinlínis að þroskaskertir fái að umgangast jafningja í skólanum. Mér virðist þetta einmitt hafa verið inntakið í því sem Ásta Kristrún hafði að segja. Það er hins vegar áhyggjuefni að Dóra sem er helsti málsvari skóla án aðgreiningar hafði ekkert markvert um þetta að segja, allavega kom það ekki fram í viðtalinu. Að vísu segir hún eftirfarandi: „Menntun með sínum líkum, það er eitthvað sem stenst heldur ekki, vegna þess að fötluð börn eins og öll önnur börn eru fyrst og fremst lík foreldrum sínum og finna samneyti með öllu mögulegu fólki, ekki bara með öðru fötluðu fólki“. Þetta eru heldur myrk ummæli um foreldrana, en ef Dóra telur foreldra helsta dæmið um jafningja hefur hún ekki skilið það sem um er að ræða. Það heldur því auk þess enginn fram að í almenna skólakerfinu skorti umburðarlyndi eða væntumþykju þess sem eldri er og þroskaðri, heldur vináttu þess sem maður getur leikið við á jafningjagrunni. Dóttir mín svaraði enda stuðningsfulltrúanum sem sagðist vera vinur hennar á þá lund að hún vildi vin sem væri eins og hún sjálf.

> Einangrun er raunveruleiki þroskaskertra barna í almenna skólakerfinu

Annað sem kannski mætti nota úr viðtalinu við Dóru til að svara ofangreindum rökum var að skóli án aðgreiningar væri viðurkennd menntastefna hjá ýmsum félögum og í mörgum löndum. Á heimspekimáli kallast þetta kennivaldsrök og eru þau skilgreind sem rökvilla. Það var líka fullt af fólki sem trúði á viðvarandi góðæri á Íslandi þótt ekki reyndist innistæða fyrir því. Við viljum rök gegn okkar rökum en ekki upptalningu á fólki sem aðhyllist skóla án aðgreiningar almennt.

Auk þess talaði Dóra um að það þyrfti að rannsaka miklu betur hvað fælist í útilokun og einangrun. En við vitum að einangrun er raunveruleiki þroskaskertra barna í almenna skólakerfinu, það er það sem blasir við foreldrum þessara nemenda og starfsmönnum skólanna. Skóli án aðgreiningar á sér 20 ára sögu, hvað eigum við að bíða lengi eftir niðurstöðum þessara rannsókna? Önnur 20 ár? Það þætti mér ótækt. Vissulega er vel heppnuð menntun flókið samspil margra þátta, en ég trúi því ekki að við ætlum að sætta okkur við skólakerfi til framtíðar þar sem þörfum þroskaskertra fyrir vellíðan í námi og vináttu er ekki sinnt. Hvort sem við stofnum sérdeild fyrir nemendur með væga þroskahömlun eða styrkjum Öskjuhlíðarskóla, verður að sinna þessu verkefni.

HP Compaq Pro

- MEST SELDU FARTÖLVUR Í HEIMI*

# FJÓRAR FRÁBÆRAR VÉLAR Á FÁRÁNLEGA GÓÐU VERÐI



Vörunr.: WT092EA

## HP 620

**119.900 kr.**

- Intel Core Duo T4500 2,3 GHz
- 2 GB DDR3 1333 MHz, mest stækkanleg í 4 GB
- 320 GB SATA 3,0 Gb/s með DriveGuard
- Microsoft Windows 7 Home Premium



Vörunr.: AT496AV

## HP Compaq 6500 Pro SFF

**99.900 kr.**

- AMD Athlon II X2 B24 3,0 GHz
- 2 GB DDR3 1333 MHz, mest stækkanleg í 16 GB
- 250 GB SATA 3,0 Gb/s 7200 rpm
- Microsoft Windows Vista Home Basic
- Styður tvo skjái samtímis



Vörunr.: WU184EA

## HP PRO 3120 SFF

**89.900 kr.**

- Intel Dual Core E5500 2,8 GHz
- 2 GB DDR3 1333 MHz, mest stækkanleg í 8 GB
- 320 GB SATA 3,0 Gb/s 7200 rpm
- Microsoft Windows 7 Professional
- Styður tvo skjái samtímis



Vörunr.: WU262EA

## HP PRO 3125 MT

**79.900 kr.**

- AMD Athlon II X2 250 3,0 GHz
- 2 GB DDR3 1333 MHz, mest stækkanleg í 8 GB
- 320 GB SATA 3,0 Gb/s 7200 rpm
- Microsoft Windows 7 Professional
- Styður tvo skjái samtímis

Opin kerfi eru dreifingar- og þjónustuaðili HP á Íslandi. HP tölvubúnaður fæst hjá samstarfsaðilum um land allt.

OK búðin

Ok búðin / Höfðabakka 9 / 110 Reykjavík / Sími 570 1140 / www.okbudin.is

* Skv. Gartner

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**56** **LENA OLIN** sænska leikkonan Lena Olin er 56 ára

*„Viðbrögð sjálfrar mín og annarra eru mér oft hulin ráðgáta. Þannig læt ég það vera, í von um að ég öðlist einn daginn meiri skilning á lífinu og samskiptum fólks.“*

DAGFRÍÐUR ÓSK GUNNARSDÓTTIR: STÓÐ AÐ STOFNUN ME FÉLAGS ÍSLANDS

# HVORKI ÓMENNSKA NÉ LETI

„Ég var fimmtán ára þegar ég greindist með ME-sjúkdóminn og fannst ég þá alein í heiminum. Ég komst hvergi í samband við aðra sjúklinga né upplýsingar um sjúkdóminn, og hef síðan alið draum um að stofna félag,“ segir Dagfríður Ósk Gunnarsdóttir, 19 ára framhaldsskólanemi sem einnig er formaður nýstofnaðs ME félags Íslands.

ME er skammstöfun á Myalgic Encephalomyelitis. Myalgic stendur fyrir vöðvaverki og Encephalomyelitis fyrir bólgum í heila eða mænu. Í daglegu tali hefur sjúkdómurinn ranglega verið nefndur síþreyta. Ákveðið hefur verið að leggja nafnið niður þar sem það dregur úr alvarleika sjúkdómsins.

„ME-sjúklingar eru félagslega einangraðir vegna lítils skilnings á sjúkdómnum. Hann er að mörgu leyti falinn því hann sést ekki utan á okkur nema fólk umgangist okkur allan daginn því þá sést að við erum ekki fær um það sem öðrum þykir sjálfsagt í daglegu lífi. Margir eru fljótir að gagnrýna okkur og dæmi eru um að fjölskyldumeðlimir snúi baki við sjúklingum með þeim ásökunum að þeir liggi bara í leti og ómennsku. Þá hefur heilbrigðiskerfið sína fordóma gagnvart sjúkdómnum,“ segir Dagfríður Ósk, sem í embætti sínu vill vekja athygli á sjúkdómnum og uppfræða almenning, en jafnframt skapa sameiginlegan vettvang til að vinna að hagsmunamálum félagsmanna.

„Á Íslandi er ekki vitað hversu margir þjást af ME, en á heimsvísu eru það 17 milljónir manna. Sumir veikjast hægt og bítandi en sjálf veiktist ég eins og af flensu í fyrstu og versnaði svo þar til ég var lögð inn til rannsókna á Barnaspítala Hringsins. Einkenni eru yfirþyrmandi máttleysi, margvíslegir verkir og sumir fá heilaþoku, en þá bregst minni þeirra og einbeiting,“ segir Dagfríður Ósk um sjúkdóminn sem enn finnst engin lækning við.

„Hérlendis bjóðast enn engar lausnir, en í nágrannalöndunum eru nú stofnaðar meðferðarstofnanir og prófuð ný lyf. Langflestir sjúklinganna eru óvinnufærir og orðnir öryrkjar. Við viljum því fyrst og fremst viðurkenningu á sjúkdómnum og vera meðhöndluð sem alvarlega veikt fólk, því það er ólýsanlega sárt að fá fárveikur framan í sig að maður liggi í aumingjaskap. Þá höfum við velflest verið send í kvíðarannsóknir þar sem skrifa hefur átt sjúkdóminn á andlega vanheilsu en ekkert fundist sem styður það,“ segir Dagfríður Ósk sem bindur miklar vonir við niðurstöður fjölmargra rannsókna sem nú fara fram.

„Margt er á huldu, en nú er meðal annars talið að sjúkdómurinn stafi af vírus sem herjar á líkamann og einnig hefur fundist ákveðin tenging við Akureyrarveikina sem herjaði á Akureyringa um miðjan sjötta áratuginn. Ég fékk það hlutskipti að fá þennan sjúkdóm, ætla að gera það besta úr stöðunni og berjast fyrir aðra líka,“ segir baráttujaxlinn Dagfríður Ósk.

Fimmtudaginn 7. apríl mun Andrea Gylfadóttir með hljómsveitinni Marel blúsband halda tónleika til styrktar ME félagi Íslands á Spot í Kópavogi, og Sóli Hólm mun skemmta gestum.

Félagið er opið öllum sem láta sig málefnið varða. Nánari upplýsingar á netfanginu mefelag@gmail.com og á Facebook-síðu félagsins: ME félag Íslands. **thordis@frettabladid.is**



**BARÁTTUJAXL** Dagfríður Ósk stundar fjarnám við Fjölbrautaskóla Snæfellinga og sækir tíma einu sinni í viku. Hún segir sjúkdóminn valda því að hún þurfi að leggjast fyrir eftir skólasóknina því áreiti fari illa í ME-sjúklinga. MYND/ÓLI STEINAR SÓLMUNDARSON



*Ástkær eiginmaður minn,*

**Karl Filbert,**

lést í Danmörku 3. mars sl. Útförin hefur farið fram.

**Frida Lyck**



*Elskulegur bróðir okkar,*

**Gunnar Sigurðsson**

frá Eyvindarhólum,

lést laugardaginn 12. mars á Landspítala í Fossvogi. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**systkini hins látna.**



*Ástkær bróðir okkar,*

**Guðbjartur Kjartansson**

fangavörður,

Furugrund 40, Kópavogi,

lést þann 20. mars 2011 á hjartadeild Landspítalans við Hringbraut.

**Bryndís Kjartansdóttir** **Karl Arason**
**Ágústa Kjartansdóttir** **Ólafur F. Ólafsson**
**Halldór V. Kjartansson**
**Svanhvít Kjartansdóttir** **Einar S. Sigurðsson**
**Bára Kjartansdóttir**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Helga Sigbjörnsdóttir,**

áður Bólstaðarhlíð 45,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ föstudaginn 18. mars. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 25. mars kl. 13.00.

**Sigbjörn Guðjónsson** **Matthildur Hermannsdóttir**
**Kristín Guðjónsdóttir** **Kjartan Sigurðsson**
**Jórunn Anna Guðjónsdóttir** **Gunnar Gunnarsson**
**Elín Guðjónsdóttir** **Tore Sellgren**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Magnús Þór Helgason,**

Kirkjuvegi 1, Keflavík,

verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 24. mars kl. 16.00.

**Einar Magnússon** **Ingibjörg Bjarnadóttir**
**Grétar Magnússon** **Margrét Borgþórsdóttir**
**Guðríður Magnúsdóttir** **Magnús Karlsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ruth Tryggvason,**

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði miðvikudaginn 16. mars. Útför hennar fer fram frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 26. mars klukkan 14.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð Úlfs Gunnarssonar á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði.

**Tryggvi Björn Aðalbjarnarson** **Svava Oddný Ásgeirsdóttir**
**Árni Aðalbjarnarson** **Rósa Þorsteinsdóttir**
**María Margrét Aðalbjarnardóttir** **Pétur Birgisson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Innilegar þakkir til ykkar allra, sem sýnduð okkur hlýhug og samúð við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Jóhanns G. Möller,**

fv. skrifstofustjóra

Naustahlein 20, Garðabæ.

**Elísabet Á. Möller**
**Árni Möller** **Signý Pálsdóttir**
**Helga Möller**
**Jóhann Möller**
**Eiður Möller**
**Maggý Helga Jóhannnsd. Möller** **Jón Sigurður Friðriksson**
**Gunnar Ormslev**
**Elísabet Ormslev**
**Jóhann Georg Jónsson**
**Hafrún Kristjánsdóttir**

## MERKISATBURÐIR

**1452** Gutenberg-Biblían prentuð fyrst bóka.
**1867** Borgarnes við Brákarpoll verður löggiltur verslunarstaður.
**1873** Þrælahald er bannað í Púertó Ríkó.
**1888** Enska úrvalsdeildin í fótbolta stofnuð.
**1924** Ríkisstjórn Jóns Magnússonar, sú þriðja undir forsæti hans, tekur við völdum.
**1963** Bítlarnir gefa út fyrstu breiðskífu sína Please Please Me.
**1972** Í ljós kemur að Geirfugladrangur, vestan af Eldey, hefur hrunið og sokkið í sæ.



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**séra Jón Bjarman,**

andaðist fimmtudaginn 17. mars. Jarðarförin fer fram frá Hallgrímskirkju fimmtudaginn 24. mars, kl. 15.00. Þeir sem vilja minnast hans eru beðnir að láta Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð í Kópavogi eða Hjálparstarf kirkjunnar njóta þess.

**Hanna (Jóhanna Katrín) Pálsdóttir**
**Páll Jónsson**
**Anna Pála Vignisdóttir** **Páll Loftsson**
**Jóhanna Katrín Pálsdóttir** **Jón Karl Stefánsson**
**Jón Bragi Pálsson** **Helga Jónsdóttir**
**Leifur Pálsson**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



**Ljóshærðir** hafa fleiri hár á höfðinu en fólk með annan háralit. Meðalmaðurinn er með 100.000 hársekki á höfði en hjá ljóskum eru þeir 146.000. Svarthærðir hafa 110.000, brúnhærðir 100.000 og rauðhærðir 86.000.

# ;ALLT



**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447














Franski snjódrekakappinn Jerome Josserand flaug 200 km á snjódrekanum í vonskuveðri á föstudag.

# Stórkostlegt ferðalag þrátt fyrir veðrið

Já, ég var hræddur og ef ég á að vera alveg hreinskilinn þá myndi ég ekki gera þetta aftur," segir franski snjódrekakappinn Jerome Josserand, spurður hvort ferðin frá Akureyri upp á Vatnajökul á föstudag hafi hrætt hann. Leiðin er um 200 kílómetrar, ferðin tók tíu klukkutíma og seinnihluta leiðarinnar var veðrið orðið vont og skyggni afar takmarkað.

„Vindurinn var mikill, snjórinn rauk tvo metra upp í loftið og ég sá ekki nema um það bil fimm metra fram fyrir mig," segir Josserand. „Ég var orðinn mjög þreyttur, aðstæðurnar voru hættulegar og mér var illt í fætinum, en þetta var samt þess virði." Hvað var það eiginlega sem gerði þessa svaðilför erfiðisins virði? „Fyrstu fimmtíu kílómetrana var veðrið frábært og landslagið stórkostlega fallegt," segir Josserand. „Ég er líka mjög stoltur af því að við skyldum halda áfram og ná því markmiði sem við settum okkur."

Með Josserand í för var kvikmyndateymi frá Film IT productions, sem festi ferðina á filmu í þeim tilgangi að gera 27 mínútna langa heimildarmynd um ferðalagið. Þrátt fyrir að veðrið léki ekki beinlínis við ferðalangana ákváðu framleiðendur myndarinnar að halda áfram og ljúka við upptökurnar. „Við náðum öllu sem við ætluðum okkur," segir Erik Kapfer, sem ásamt Andreja Flach framleiðir myndina. „Við nutum frábærrar aðstoðar frá South Iceland Adventure og allt aðstoðarfólk, bílstjórar og snjósleðastjórar voru frá því fyrirtæki. Þau stóðu sig frábærlega og við erum óskaplega þakklát fyrir aðstoð þeirra. Við erum harðákveðin í að koma aftur til Íslands og taka fleiri myndir en hver viðfangsefnin verða get ég ekki upplýst strax," segir Kapfer.

Sett hefur verið inn myndband á slóðinni www.crossingiceland.is þar sem forvitnir geta séð Josserand kljást við íslenska náttúru.

*fridrikab@frettabladid.is*






**Manneskjan** er eina dýrategundin sem fellir tár af tilfinningalegum ástæðum. Önnur dýr fara ekki að gráta þó að þeim líði illa, séu sár eða missi einhvern nákominn.

nettoline
ELDHÚS-BAÐ-ÞVOTTAHÚS-FATASKÁPAR
25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM INNRÉTTINGUM OG 10% AÐ AUKI
SÉ GREITT Í EINU LAGI VIÐ PÖNTUN
friform.is
Mán. - föst. kl. 09-18
Laugardaga kl. 11-15
Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
KOMDU Í ÖLL HELSTU PARTÝIN MEÐ OKKUR
m.visir.is Fáðu Vísi í símann!
Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.
Meiri Vísir.
vísir

Frábær þrenna!
VICTORIA SALON & SPA
Andlitsnudd og maski verð: 5.500 kr.
Handsnyrting með lökkun verð: 5.500 kr.
Vax alla leið og í nára verð: 5.500 kr.
VICTORIA SALON & SPA LAUGAVEGI 178 SÍMI: 611 - 5500

ÞESSI FRÁBÆRI HALDARI NÚ Í NÝJUM LIT

teg 11001 - kom í hvítu líka í C,D,E skálum á kr. 4.600,- buxur í stíl á kr. 1.990,-
Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18. Lau. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur

ÍSLENSKT HUNDANAMMI
gott í þjálfun og í leik
VINSÆL VARA

Fæst í Bónus, Samkaup, 10-11, Fjarðarkaup og Inspired Keflavíkurflugvelli



Rannsóknin varpar ljósi á það hvenær og við hvaða kringumstæður ung manneskja verður fyrst ölvuð.

# Skarpari skil á milli skólastiga

**Ný rannsókn á fyrstu ölvun unglinga gefur til kynna að dregið hafi úr henni í grunnskóla. Hún eykst hins vegar mikið fyrsta árið í framhaldsskóla og eru skilin á milli skólastiga skarpari en áður.**

Dregið hefur úr því að unglingar byrji að neyta áfengis í grunnskóla, samkvæmt niðurstöðum nýrrar rannsóknar. Þá virðist sem unglingar byrji ekki að neyta áfengis sumarið eftir tíunda bekk í jafn miklum mæli og talið var. Hins vegar byrjar stór hluti unglinga að drekka fyrsta árið í framhaldsskóla og er um að ræða skarpari skil á milli skólastiga en áður.



Jón Sigfússon FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Rannsóknin sem var gerð af Rannsóknum og greiningu við Háskólann í Reykjavík í nóvember á síðasta ári náði til allra framhaldsskóla landsins og var svarhlutfallið 70,5 prósent. „Ástæðan fyrir því að við ákváðum að ráðast í þetta verkefni er sú að búið er að ná mjög góðum árangri í forvörnum gegn áfengisneyslu grunnskólanemenda. Hins vegar höfðu margir áhyggjur af því að það yrði allt vitlaust sumarið eftir tíunda bekk. Við ákváðum að gera ítarlega rannsókn sem kortlegði hvenær ung manneskja verður fyrst ölvuð, af hverju og með hverjum en rannsóknin er sú fyrsta sinnar tegundar á Norðurlöndunum,“ segir Jón Sigfússon, framkvæmdastjóri Rannsóknar og greiningar. Hann segir öflugar forvarnir í grunnskóla skila sér að hluta til út í tímabilið eftir grunnskóla. „Rannsóknin gefur til kynna að tíðni ölvunardrykkju hefur lækkað frá árinu 2004 til 2010 bæði á meðal nemenda í tíunda bekk og á fyrsta ári í framhaldsskóla. Hins vegar virðist prósentuhlutfallið á milli skólastiga vera að aukast. Árið 2004 var aukningin á fyrstu ölvun milli skólastiga 38,6 prósent en nú er hún 58 prósent. 25,7 prósent 16 ára ungmenna segjast hafa orðið ölvuð í fyrsta skipti í grunnskóla, 12,9 prósent ungmenna á sama aldri segjast hafa orðið ölvuð í fyrsta skipti sumarið á milli grunn- og framhaldsskóla, 11 prósent 16 ára ungmenna segjast hafa orðið ölvuð í fyrsta skipti eftir að hafa byrjað í framhaldsskóla (mælt í nóvember 2010) og 30,8 prósent 17 ára ungmenna „Það þýðir að 41,8 prósent ungmenna verða ölvuð í fyrsta skipti fyrsta árið í framhaldsskóla sem er ansi mikið stökk,“ segir Jón. „Þetta eru ólögráða ungmenni og niðurstöðurnar sýna svo ekki verður um villst að sú mikla forvarnavinna sem unnin hefur verið meðal nemenda í efstu bekkjum grunnskóla þarf einnig að fara fram meðal nemenda í framhaldsskólum landsins.“

Aðrar niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að langflestir 16 ára framhaldsskólanemar hafi orðið ölvaðir í fyrsta skipti í skemmtun eða partíi í grunnskóla eða 41,4 prósent. Þar á eftir fylgja partí fyrir framhaldsskólaball, eða 18,0 prósent.

„Þá virðast fáir 16 ára unglingar verða sér úti um áfengi í vínbúð eða 7,4 prósent. Hins vegar virðast bjórsalar í framhaldsskóla mikið notaðir af yngri nemendum og hafa 14,7 prósent 16 ára unglinga keypt áfengi í gegnum þá og 13,8 prósent 17 ára ungmenna. Flestir fá þó áfengi í gegnum vini, eða 47 prósent.“

Jón segir hér um að ræða landsmeðaltal en að rannsóknin bjóði upp á að hægt sé að greina niðurstöðurnar niður á sveitarfélög og einstaka skóla. „Ég vonast til þess að sá möguleiki verði nýttur enda getur mynstrið verið breytilegt á milli landshluta og skóla og ættu viðbrögðin að taka mið af því.“

*vera@frettabladid.is*

SADDUR ÁN SAMVISKUBITS
Tacos m. kjúkl. kr. 1.340
Hot´nSweet salat m. kjúkl. 1.350

Culiacan MEXICAN GRILL
Suðurlandsbraut 4a 533 1033 www.culiacan.is

Námskeið um ræktun
matjurta og kryddjurta með lítilli fyrirhöfn!
HEIÐUR BJÖRNSDÓTTIR kennir hve auðvelt er að rækta grænmeti og kryddjurtir
Þessum spurningum og mörgum fleiri verður svarað á námskeiðinu:

• Hvernig á að sá og forrækta?
• Hvernig er plantað út?
• Hvernig fá plöntur næringu?
• Hvað þarf til að fá uppskeru allt sumarið?
• Hvaða jurtir eru fjölærar?
Miðvikudaginn 30. mars kl. 19:30 - 22:15
Miðvikudaginn 6. apríl kl. 19:30 - 22:15
Námskeiðin verða haldin í Heilsuhúsinu Lágmúla 5. Hægt er að skrá sig á lagmuli@heilsuhusid.is eða í síma 578 0300 milli kl. 10 -18 virka daga. Verð kr. 4.500.
Ath! Takmarkaður fjöldi.
www.heilsuhusid.is
heilsuhúsið



Bakarameistarinn Jóhannes Felixson segir mikilvægt að neytendur fái ávallt réttar og sannar upplýsingar þegar kemur að hollustu sykurs og hveitis. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Auðvelt að plata

**Hvað veistu um sykur og hveiti? Er til hollur sykur? Er lífrænt ræktaður matur hollari en annar? Og er spelt betra en venjulegt hveiti?**

„Því miður er ekki allt rétt sem haldið er fram um hollustu vissra matvæla, svo sem sykurs og hveitikorns, og ýmislegt ekki eins óhollt og haldið er fram,“ segir Jóhannes Felixson, formaður Landssambands bakarameistara. Hann segir sykur unninn úr sykurreyr eða sykurrófum, en hvað er þá hrásykur?

„Hrásykur er alveg sami sykurinn en hefur ekki farið í gegnum síðasta vinnsluferli sykurs, sem telst mikið unnin vara. Því verður eftir dökkt síróp sem kallast melassi og er stundum bætt við hvítan sykur svo úr verður hrásykur, og þannig er púðursykur búinn til,“ segir Jói og bætir við að melassi innihaldi örlítið af bætiefnum sem þó hafi engin teljandi áhrif á næringargildið.

„Hrásykur meltist og nýtist líkamanum nákvæmlega eins og hvítur sykur og ótrúlegt að fólk komist upp með að halda því fram að hann sé hollari, en því miður er auðvelt að plata neytendur á fölskum forsendum,“ segir Jói og áréttar að agave-síróp sé í engu skárri lausn.

„Agave-síróp er mikið unnin vara úr agave-plöntu. Það samanstendur aðallega af ávaxta- og þrúgusykri, en í þær sykrur brotnar einmitt hvítur sykur í líkamanum. Agave-síróp hækkar blóðsykur hægar, en á endanum virkar það á sama hátt fyrir líkamann. Því er alls ekki hollara að neyta agave-síróps eða hrásykurs, og sé verið að hugsa um hollari sykur en hvítan sykur, þá er hann ekki til.“

Jói segir sama eiga við þegar fullyrt er um heilsubót speltis umfram hveitis. „Munur á venjulegu hveiti og spelti er nánast enginn sé litið er á næringarinnihald. Spelt er hægþroska, aðeins hægt að nýta um 60% korns þess og þar af leiðandi er það allt að helmingi dýrara en venjulegt hveitikorn. Næringarinnihald og hollusta er hins vegar sú sama, hvort kornin eru lífrænt ræktuð eður ei, því álíka mikið glúten er í báðum korntegundum og í sumum mælingum er meira glúten í spelthveiti,“ segir Jói og vísar í næringartöflu sem fylgir greininni.

„Korn er ýmist malað í fínt eða gróft mjöl, en líka malað í heilkorn sem er næringarríkast. Við mölun missir fínna korn meira af vítamínum og steinefnum, en brauð sem er bakað úr heilkorni, sykurlaust og með ferskum, góðum súr er afar næringar- og trefjaríkt og einhver hollasta kornvara sem völ er á, en flest þurfum við að bæta við grófu korni og heilkorni í fæðu okkar,“ segir Jói og ítrekar að eini munur á venjulegu hveiti og spelti sé sá að spelt sé helmingi dýrara.

„Því er neytendum sagt ósatt þegar þeim er talin trú um að brauð þeirra verði hollara úr spelti. Þá hafa margar rannsóknir sýnt að lífrænt ræktaður matur er ekki hollari þegar litið er eingöngu á næringarinnihald,“ segir Jói.

„Öll þörfnumst við orku svo líkaminn komist vel frá amstri dagsins og æskilegt að 60% hennar komi úr kolvetnum. Gróf, sykurlaus brauð gefa góða orku, innihalda mikið af trefjum, vítamínum og steinefnum, og þá sama hvort borðað er brauð úr spelti eða hveitikorni. Allt er gott í hófi og farsælast að njóta alls sem lífið hefur upp á að bjóða.“

*Heimildir Jóa Fel: Guðrún Adolfsdóttir, matvælafræðingur: Matur er mannsins megin, október 2010, bls. 8. Íslenski gagnagrunnurinn um efnainnihald matvæla: www.matis.is/ISGEM/is*

*thordis@frettabladid.is*

## Staðreyndir um spelt, hveiti og heilkorn

| | orka | prótín | fita | kolvetni | trefjar |
|---|---|---|---|---|---|
| **Hvítt hveiti** | 333 kcal | 12,5 g | 1 g | 66.7 g | 3,7 g |
| **Hvítt spelti** | 355 kcal | 10,6 g | 0,5 g | 76,1 g | 1,9 g |
| **Hveiti heilkorn** | 325 kcal | 11,1 g | 2 g | 57,3 g | 16,9 g |
| **Spelti heilkorn** | 337 kcal | 10,8 g | 2,7 g | 63,2 g | 8,8 g |

**Í næringartöflu íslenska gagnagrunnsins um efnainnihald matvæla (ÍSGEM) má sjá mismunandi næringarinnihald venjulegs hveitikorns og speltikorns.**





KVÖLDSKÓLI KÓPAVOGS

SPENNANDI NÁMSKEIÐ

Prjón
Bókband
Fatasaumur
Hekl
Silfursmíði
Trésmíði
Útskurður
Vorverkin í garðinum
Fjölgun og uppeldi plantna

ICELANDIC FOR FOREIGNERS

7 weeks courses – 60 class hours
From 4th of April to 26th May

ICELANDIC I
ICELANDIC II
ICELANDIC III
ICELANDIC IV

Monday, Tuesday and Thursday
19:00 – 21:10
Price: 22.000 kr.
Registrations and information:
http://kvoldskoli.kopavogur.is

Tel: 564 1507

ÍSLENSKA FYRIR ÚTLENDINGA

7 vikna námskeið – 60 kennslustundir
Frá 4. apríl til 26. maí

ÍSLENSKA I
ÍSLENSKA II
ÍSLENSKA III
ÍSLENSKA IV

Mánudag, þriðjudag og fimmtudag
kl. 19 – 21:10
Verð: 22.000 kr.
Innritun og upplýsingar á vef skólans
http://kvoldskoli.kopavogur.is

Sími: 564 1507

Ath. Starfsmenntunarsjóðir ýmissa stéttarfélaga styrkja félagsmenn sína til náms í Kvöldskóla Kópavogs.

http:// kvoldskoli.kopavogur.is

**Sushi-kokkar í Japan** hafa fimm ára nám að baki. Tvö ár fara í að læra að búa til hrísgrjónin og þrjú í að læra að verka fiskinn. Það er fyrst að námi loknu sem þeir fá leyfi til að vinna á sushi-bar.



# Sushibakkar eftir íslenska hönnuði

**Sushi er gjarnan borið fram á látlausan hátt enda bitarnir hreinasta listasmíð í sjálfu sér. Borðbúnaður og áhöld fyrir sushi hafa þó verið mörgum hönnuðum hugleikin og hafa íslenskir hönnuðir meðal annars hannað bakka og skálar undir sushi.**



Hellur eftir Öldu Halldórsdóttur og Guðrúnu Valdimarsdóttur framleiddar af Samverki ehf. á Hellu.
MYND/ALDA HALLDÓRSDÓTTIR OG GUÐRÚN VALDIMARSDÓTTIR

Alda Halldórsdóttir og Guðrún Valdimarsdóttir vöruhönnuðir eru höfundar að Hellum, margnota glerbökkum sem framleiddir eru í glerverksmiðju Samverks á Hellu.

Hellurnar má nota sem skurðarbretti, hitaplatta og glasabakka eða sem disk undir kökur eða sushi. Hellurnar eru framleiddar úr afgangsgleri sem fellur til við vinnslu hjá Samverki. Þær eru lakkaðar með vatnslakki og fást í mörgum litum. Hellurnar fást meðal annars í versluninni Kraum í Aðalstræti 10.

María Krista Hreiðarsdóttir er grafískur hönnuður og rekur fyrirtækið Krista Design. Meðal vara eftir Maríu Kristu eru sushibakkar með skál í miðju, undir engifer, wasabihnetur, sojasósu eða annað. Bakkinn liggur á gúmmíhlemmi sem veitir honum stöðugleika á borðinu og lyftir honum auk þess aðeins frá borðplötunni. Sushibakkar Maríu Kristu fást meðal annars á vefversluninni Bútík og á síðunni Kristadesign.is. *- rat*



Sushibakkar frá Kristadesign.
MYND/KRISTADESIGN.IS



Maki-bitum sem rúllað hefur verið upp úr rauðum kavíar. NORDICPHOTOS/GETTY



Flott grænmetis-sushi – þar sem grænmetið stendur upp úr hrísgrjónunum.

# Sushi með frjálsri aðferð

**Svokallaðar maki-rúllur eru meðal vinsælustu sushi-bitanna. Skemmtilegt getur verið að spreyta sig á gerð þeirra og leyfa sér óvenjulegt hráefni í blönduna sem og frjálslega formaða munnbita.**

Eitt af því sem byrjendur í sushigerð velta vöngum yfir og láta það stundum standa í vegi fyrir tilraunum, er að bitarnir þurfa að vera formfastir og líkjast sem mest molum sérfræðinganna. Sushi „með frjálsri aðferð“ er hins vegar ekki síður skemmtilegt verkefni þar sem hægt er að leika sér með efnivið, upprúllun og láta grænmeti og annað standa upp úr hrísgrjónunum. Og það þarf ekki endilega sértilgerðar „sushi-vörur“ til þess að matreiðslan heppnist vel. Eftirfarandi ráð eiga við um gerð svokallaðra maki-rúllna.

- Margir kjósa að nota sérstök sushi-hrísgrjón í matreiðsluna sem fást víðast hvar. Jasmíngrjón sem notuð er til allra handar matreiðslu geta þó líka komið að góðum notum. Undirrituð sýður slík hrísgrjón til sushi-gerðar, setur þau soðin í skál og hrærir saman við matskeið af hvítvínsediki (sumir vilja einungis hrísgrjónaedik) sem og matskeið af sykri. Grjónin eru kæld áður en hafist er handa við að rúlla þeim inn í þang og gott er að skella þeim jafnvel út á svalir eða inn í frysti í smástund.

- Nori-blöð, úr sjávarþangi, fást víðs vegar um bæinn og auðvelt er að vinna með þau. Á hvert Nori-blað eru hrísgrjón lögð í langa garð og fiskur, grænmeti, ávextir eða annað þar ofan á en í raun er það bara hugmyndaflugið sem gildir. Hægt er að leika sér með að setja rjómaost, paprikuost eða annað inn í bitana og kjúkling svo eitthvað sé nefnt. Sumir nota japanska mottu til að rúlla saman þanginu og loka því, og er mottan þá lögð undir þangið.

Þess gerist ekki þörf, bitarnir verða ef til vill ekki jafn fallegir, en verða fallega óreglulegir að lögun. Gott er að hafa smá vatn í skál við höndina með hvítvínsediki í til að dýfa höndunum ofan í og líma þangendana saman með smá vatni.

- Tilbúnum sushi-bitum er dýft í sojasósu og wasabi-mauki hrært saman við.

Þeir sem vilja extra bragðsterka bita geta sett smávegis af maukinu inn í hvern bita en fara þarf varlega í því. *- jma*



Það kemur vel út að rúlla Nori-blöðunum saman eins og blómvendi, frjálslegt og fallegt.



Hægt er að leggja hráefni ofan á makirúllurnar eins og hér, þar sem svartur kavíar býr til fallega rönd.

Hin eina sanna sérverslun sushi-unnandans er í Glæsibæ.

Erum komin með í sölu frábæra japanska Masahiro hnífa sem henta bæði fyrir atvinnu og áhugafólk um sushigerð.



Sushi formin sem allir hafa beðið eftir eru komin í hús ásamt Hangiri í mörgum stærðum.

sushibúðin ...við elskum sushi

Einnig erum við með alla matvöru til sushigerðar.

Grjón.
Nori.
Flugfiskahrogn.
Ál.
Linskelskrabbi.
Kolkrabbi.
Edamame.

Úrval af flottum prjónum.





Grjónapottar.



Borðbúnaður og glæsileg sushisett.

Sushi-búðin Glæsibæ S: 5712277 Facebook.com/sushibudin

BÍTIÐ
MEÐ HEIMI OG KOLLU
ALLA VIRKA DAGA KL. 6.50

BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!



# HLUTFALL STARFANDI eftir atvinnugreinum







**Hlutur atvinnugreina í landsframleiðslu 2010**




**Tekjuhlutfall útfluttra vara og þjónustu 2010**

# Gríðarlega mikilvæg atvinnugrein

**Tökum öll þátt í að snúa hjólum atvinnulífsins. Allt skiptir máli, stórt sem smátt.**

SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu og VR hafa á ný tekið höndum saman með átakinu „Spilum saman“ þar sem landsmenn eru hvattir á jákvæðan og ábyrgan hátt til að „spila með“ og taka þátt í að snúa hjólum atvinnulífsins með því að eiga viðskipti við verslunar- og þjónustufyrirtæki. Mjög jákvætt er þegar atvinnurekendur og launþegar taka höndum saman með þessum hætti, enda sömu hagsmunir í húfi. Allt skiptir máli, stórt sem smátt því margfeldisáhrifin eru fljót að skila sér. Átakið snýst ekki síst um að allir átti sig á því að hvert og eitt okkar skiptir máli – að kaup okkar á vöru og þjónustu hafa áhrif á atvinnustigið í landinu. Því þurfum við öll að spila saman til að tryggja hagstæð úrslit fyrir okkur öll.

En átakið snýst einnig um að beina sjónum að þessari atvinnugrein – verslun og þjónustu og setja hana í þjóðhagslegt samhengi og benda á mikilvægi hennar. Í verslun og þjónustu starfar fjórði hver Íslendingur á hinum almenna vinnumarkaði og í greininni mun stór hluti þeirra 20.000 starfa sem við þurfum að skapa á komandi misserum verða til. Verslun og þjónusta þarf að verða miklu frekari í umræðunni – taka það pláss sem henni ber en eftirláta ekki öðrum atvinnugreinum að einoka umræðuna oft á tíðum.



**„Verslun og þjónusta þarf að verða miklu frekar í umræðunni,“ segir Margrét Kristmannsdóttir, formaður SVÞ.** MYND/VILHELM

# Getur þjónustað þúsundir ferðamanna

„PrimaCare er fyrirtæki sem sérhæfir sig í læknisaðgerðum á mjaðma- og hnjáliðum í ferðatengdri heilsuþjónustu,“ segir Gunnar Ármannsson, framkvæmdastjóri PrimaCare, og heldur áfram. „Við stefnum að því að reisa sjúkrahús með um 100-120 herbergjum í Mosfellsbæ en til samanburðar má nefna að Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri er með um 150 legurými. Í tengslum við sjúkrahúsið ætlum við að reisa 250-300 herbergja sjúkrahótel en sem dæmi má nefna að Grand Hótel í Reykjavík er með um 300 herbergi. Þriðja byggingin er síðan vetrargarður sem tengir tvær ofangreindar byggingar saman en hugmyndin er sú að þar geti fólk hvílst í notalegu umhverfi, þar sem trjágróður og vatn verða áberandi í vetrarríkinu á Íslandi.“

Framkvæmdastjórinn segist oft spurður um hvort aðstandendur PrimaCare hugsi ekki of stórt. „Svarið við því er einfalt. Okkar ráðgjafar, sem eru sérfræðingar á þessu sviði, telja að til að geta laðað erlenda fjárfesta, kaupendur og notendur þjónustunnar til Íslands í þessum tilgangi, þurfi að vera fyrir hendi heildræn þjónusta af tiltekinni lágmarksstærð.



Gunnar Ármannsson reiknar með að fjöldi erlendra sjúklinga muni nýta sér þjónustu PrimaCare. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Við gerum ráð fyrir um 5.000 sjúklingum á ári og að meðaltali einum aðstandanda með hverjum sjúklingi. Það gerir um 10.000 ferðamenn sem koma til landsins jafnt yfir árið. Það er vitað að þessi tegund ferðamanna eyðir mun meiri fjármunum en hefðbundnir ferðamenn. Til að þjónusta þennan hóp þurfum við 600 til 1.000 starfsmenn að ótöldum störfum við ýmsa afleidda þjónustu. Verðmætasköpunin í kringum verkefnið er því afar mikil og rétt að hafa í huga að tekjurnar eru í erlendum gjaldeyri.“




# Allir þrá stöðugleika

**Innganga í ESB og upptaka evrunnar eru forsendur langþráðs stöðugleika að mati Ragnars Magnússonar verslunarmanns. Kjarabætur almennings í formi launahækkana mega sín lítils gegn gengissveiflunum og lágt gengi krónunnar er langstærsta einstaka vandamál almennings á Íslandi. Þrátt fyrir erfiða tíð í kjölfar hrunsins stendur verslunargeirinn vel.**



**„Mér líkar vel að umgangast fólk og þar liggja mínir hæfileikar,“ segir Ragnar sem staðið hefur vaktina í versluninni JMJ á Akureyri í rúm 46 ár. „Í eldgamla daga réði kaupfélagið ríkjum og litlu kaupmennirnir, sem hér voru, voru svolítið að berjast gegn stórveldinu. Nú er kaupfélagið hætt í verslunarrekstri en einstaklingarnir farnir að blómstra meira.“** MYND/HEIDA.IS

Ragnar Sverrisson er einn af þekktari kaupmönnum þjóðarinnar. Hann hóf verslunarstörf fyrir 46 árum í versluninni JMJ á Akureyri, þá sextán ára gamall. Nú er hann eigandi verslunarinnar, auk þess sem hann hefur gegnt formennsku í Kaupmannafélagi Akureyrar í 25 ár.

Ragnar er ekki síður þekktur fyrir skoðanir sínar á þjóðmálunum en verslunarrekstur. Þar ber helst að nefna að Ragnar barðist ötullega fyrir aðild Íslands að Evrópusambandinu löngu áður en fjármálahrunið og gengisfallið veitti stuðningsmönnum það brautargengi sem til þurfti til að hefja aðildarumræður.

„Fyrir rúmum tíu árum bar ég upp erindi á fundi Samtaka verslunar og þjónustu, að samtökin myndu beita sér fyrir aðildarumsókn. Þá var maður eiginlega bara púaður niður,“ segir Ragnar og hlær. „Mín skoðun er, og það er ekki bara í gær og fyrradag heldur síðustu tíu ár, að við eigum að ganga í Evrópusambandið og taka upp evru, því áður en það gerist verður enginn stöðugleiki, en hann er upphaf og endir þess að við hér á þessu ágæta skeri förum að komast í sama umhverfi og er í Evrópu.“

**KRÓNUR OG EVRUR**

Samkvæmt Ragnari var það krónan sem kom okkur í þá erfiðu stöðu sem við erum í dag. Fall hennar hækkaði vöruverð á Íslandi um fimmtíu til áttatíu prósent, og því til lítils fyrir launþega landsins að semja um launahækkanir upp á nokkur prósentustig meðan vandi krónunnar er óleystur. „Það er sama hvern þú spyrð, það þrá allir stöðugleikann og hann fæst eingöngu með því að kasta krónunni,“ segir Ragnar.

Einn af kostum þess að taka upp evruna hér á landi yrði sá að auðveldara yrði fyrir almenning að gera verðsamanburð milli landa án þess að hægt yrði að skýla sér bak við gengi krónunnar, að hans mati. „Ég vil að við bjóðum sama verð og er í Evrópu en til þess að það næðist þyrftum við stöðugan gjaldmiðil, við þyrftum að vera grimmari í að semja betur við okkar birgja, sama hvort um væri að ræða þá sem selja okkur pakka af morgunkorni eða jakkaföt, og við þyrftum að fella niður verndartolla,“ segir Ragnar og bætir við:. „Verndartollarnir á fatnaði voru til dæmis settir til að vernda íslenskan fataiðnað, en það er bara ekkert að vernda því hér er nær enginn slíkur iðnaður lengur.“

**BÆNDUR VANMETA SJÁLFA SIG**

Ekki þarf að leita lengra en til sveita Eyjafjarðar til að finna þá sem eru á öndverðum meiði við Ragnar, en mikil andstaða er við aðild að ESB innan bændastéttarinnar.

„Mér finnst gremjulegast hversu bændur hérlendis vanmeta sjálfa sig mikið. Þeir framleiða bestu matvöru í heim, hvort sem það er mjólk eða kjöt, en þeir hafa lifað í svo vernduðu umhverfi að þeir óttast inngönguna. Það gerist hins vegar ekki neitt nema það sé samkeppni, hvort sem það er í verslun eða landbúnaði, og ég hef fulla trú á að landbúnaðurinn spjari sig vel sama hvernig fer,“ segir Ragnar.

**FULLUR BJARTSÝNI**

Þrátt fyrir erfiða tíð eftir gengishrunið vill Ragnar meina að verslunargeirinn hafi náð að jafna sig aftur að stórum hluta. Kaupmenn séu almennt ánægðir þó að eins og hjá flestum öðrum atvinnugreinum sé afkoman ekki eins góð nú og áður. „Ég er samt fullur bjartsýni fyrir hönd verslunarinnar því við eigum framtíð fyrir okkur. Við erum ein af aðalatvinnugreinum þjóðarinnar en það vinna tveir þriðju hlutar þjóðarinnar við verslun og þjónustu,“ segir Ragnar. „Það er mikilvægt að greinarnar gangi snurðulaust fyrir sig og þá segi ég enn og aftur að þrátt fyrir að okkur kunni að greina á um hvernig best sé að ná honum þá vantar okkur öllum ekkert nema blessaða stöðugleikann.“




# Sjávarborg í Stykkishólmi

„Í þessu húsi hefur verið rekin verslun frá árinu 1937 en við hjónin keyptum reksturinn 1994,“ segir Dagbjört Höskuldsdóttir en hún á fyrirtækið Sjávarborg ásamt eiginmanni sínum Eyþóri Ágústssyni.

„Það eru forréttindi að reka fyrirtæki og búa á þessum fallega stað við Breiðafjörðinn. Sjávarborg er bóka- og ritfangaverslun en við erum einnig með á boðstólum gjafavöru, leikföng, garn og lopa auk þess sem við erum umboðsaðilar stóru happdrættanna og endursöluaðili fyrir Símann. Við erum í samkeppni við höfuðborgarsvæðið því að fjarlægðirnar eru ekki miklar og verðum því að bjóða upp á vörur á samkeppnishæfu verði, þrátt fyrir mikinn flutningskostnað og aðra mismunun sem við búum við. En við reynum að skapa sértakt andrúmsloft og margir hafa haft á orði að í Sjávarborg ríki sérstök stemming svona eins og í kaupfélögunum í gamla daga og sem gamall samvinnumaður þykir mér vænt um það.“

Dagbjört telur ákaflega mikilvægt að viðhalda verslunarrekstri á landsbyggðinni til að mannlífið blómstri. „Til þess að svo megi verða þarf fólk að versla í sinni heimabyggð. „Spilum saman“ eins og slagorðið segir.“



**Dagbjört telur mikilvægt að viðhalda verslunarrekstri á landsbyggðinni.**

**Útgefandi:** SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu | **Ritstjóri og ábyrgðarmaður:** Andrés Magnússon |
**Heimilisfang:** Borgartún 35, 105 Reykjavík, s. 511 3000 | **Vefsíða:** svth.is. | **Netfang:** svth@svth.is |
**Umsjónarmaður auglýsinga:** Bendikt Freyr Jónsson benediktj@365.is s. 512 5411




# Þú spilar stórt hlutverk

Í hvert sinn sem þú tekur upp veskið til að greiða fyrir vörur eða þjónustu stuðlar þú að lægra verðlagi, aukinni veltu og öruggara atvinnuumhverfi á Íslandi. Dagar verslunar og þjónustu vekja athygli á verðmæti þínu.

SPILUM SAMAN

Í hvert sinn sem þú greiðir fyrir vörur eða þjónustu á Íslandi heldur þú hagkerfinu gangandi.

www.spilumsaman.is

SVÞ Samtök verslunar og þjónustu

Virðing Réttlæti VR


„Þó hrynji þjóðarbúið þolir Brynjan hnjaskið, sagði einn viðskiptavina Brynjunnar í kreppunni. Ekki þó nú, heldur á milli 1930 og 40," segir Brynjólfur Björnsson. MYND/GVA

# Fátt bítur á Brynjunni

Verslunin Brynja á Laugaveginum hefur lifað af heimskreppu millistríðsáranna, heimsstyrjöld og hernám, verðbólgudraug níunda áratugarins og nú síðast bankakreppuna.

„Búðin hefur verið hér síðan 1919 og við höldum bara okkar striki," segir Brynjólfur Björnsson, eigandi Brynjunnar og starfsmaður frá árinu 1963. „Við förum ekki á flug í góðærinu, tókum bara aðeins til í búðinni hjá okkur, svo við erum í góðum málum."

Viðskiptavinir Brynju eru af ýmsum toga. Iðnaðarmenn, fyrirtæki, íbúar í næsta nágrenni og allir þeir sem sjá um endurbyggingar og viðhald gamalla húsa, bæði í Reykjavík og á landsbyggðinni.

„Við eigum til mikið af smávöru fyrir þá sem eru að gera upp gömul hús og húsgögn," segir Brynjólfur. „Við pössum okkur á því að eiga þessar vörur á lager og losa okkur ekki við þær þó þær seljist eitthvað hægar. Þetta eru vörur sem fást ef til vill hvergi nema hér."




# Að vita svarið!

**Já er þjónustufyrirtæki sem hefur þá einföldu stefnu að miðla upplýsingum sem fólk þarfnast í dagsins önn.**

„Fyrirtækið sér um rekstur og útgáfu þriggja miðla til að sinna hlutverki sínu en það eru prentaða Símaskráin, 118 og og vefsíðan ja.is," segir Sigríður Margrét Oddsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Já. „Fyrirtækið var stofnað fyrir sex árum en byggir á yfir 100 ára gömlum grunni. Hjá fyrirtækinu vinna um 130 manns en við erum með fjórar starfsstöðvar á þremur stöðum á landinu, tvær í Reykjavík, eina í Reykjanesbæ og eina á Akureyri."

Sigríður Margrét segir að velgengni fyrirtækisins byggist fyrst og fremst á starfsmönnum þess. „Menningin skiptir gífurlega miklu máli. Hjá Já hafa allir starfsmenn skýrt hlutverk og þeir eru meðvitaðir um það. Við viljum vita svarið og viðhalda því góða trausti sem landsmenn hafa á okkur. Starfsfólkið á 118 leggur sig í líma við að aðstoða fólk við að hafa uppi á símanúmerum og heimilisföngum. Ef stúlka þarf að finna sæta strákinn sem hún hitti á Kleppjárnsreykjum um síðustu helgi er allt kapp lagt á að finna símanúmerið hjá honum. Oft vantar fólki upplýsingar til dæmis við matreiðslu og stundum þarf það bara að tala við einhvern og þá hringir það í 118. Starfsfólkið reynir alltaf að koma til móts við þarfir viðskiptavina og ef það veit ekki svarið, tekur það jafnvel niður númerið, reynir að finna það og hringir svo aftur. Fróðleiksástin er algjör hjá starfsmönnum."

Já þykir vænt um traust viðskiptavina sinna en hraðinn er ekki síður mikilvægur og nýjungar sem auðvelda viðskiptavinum lífið. „Við erum sífellt að vinna að nýsköpun og erum afskaplega stolt af forritunarteyminu okkar, sem jafnvel dreymir fyrir þörfum notenda okkar," segir framkvæmdastjórinn. „Á síðasta ári fengum við fern verðlaun fyrir vefina okkar og núna nýlega var ég að taka á móti einum til viðbótar. Nú erum við


Að mati Sigríðar Margrétar byggir velgengni þess.

að setja á markað nýtt snjallsímaforrit, þar sem viðskiptavinurinn getur séð nafn þess sem hringir, jafnvel þótt hann sé ekki með það skráð í símanum sínum. Veistu til dæmis hver er með númerið 440 0150," spyr Sigríður? Blaðamaður neitar því. „Með Já í símanum muntu vita það," segir hún og brosir. „Með þessu nýja forriti mun í símanum þínum birtast: Sérstakur saksóknari!"

Það eru tvö spennandi verkefni fram undan. „Við erum að vinna að nýjum vef ætluðum erlendum ferða-

# Úrsmiðir í fjóra ætt

Saga Michelsen úrsmiðanna er stórmerkileg. Það má með sanni segja að úrsmíðin sé í genunum á karlleggnum í þessari ætt. Árið 1907 kom ættfaðirinn J. Frank Michelsen (1882-1954) hingað til lands ásamt fríðu föruneyti Friðriks VIII. en leist svo vel á land og þjóð að hann ákvað setjast að á Sauðárkróki þar sem hann stofnaði sitt eigið fyrirtæki með úr sem meðal annars báru hans nafn, J.Fr.Michelsen, Sauðárkrók. Sonur hans Franck Michelsen (1913-2009) lærði úrsmíði hjá föður sínum og fór síðan til Danmerkur í framhaldsnám þar sem honum bauðst að verða útnefndur konunglegur hirðúrsmiður.

„Pabbi hafnaði þeirri nafnbót, honum fannst það of mikið pjatt," segir sonurinn Frank Ú. Michelsen og brosir. Hann rekur verslunina Michelsen úrsmiðir á Laugavegi 15 en sonur hans, Róbert, er sá fjórði í röð karleggsins sem lærir úrsmíði. „Við lærðum báðir hjá hinum heimsþekkta og leiðbeinandi WOSTEP-úrsmíðaskóla í Sviss. Róbert hefur sérhæft sig í smíðum og að gera við gömul úr."

Fyrirtækið er orðið 102 ára en er samt síungt. „Afi framleiddi úr á


„Michelsen-úrin eru afar vönduð smíð," segir Michelsen úrsmiðir á Laugavegi 15.

sínum tíma en í byrjun heimsstyrjaldarinnar síðari, árið 1939, fengust ekki lengur tannhjól og aðrir hlutar í úrverkin svo að framleiðsla Michelsen úranna lagðist niður í 70 ár. Á 100 ára afmælinu hófum við framleiðsluna á ný. Michelsen-úrin eru afar vönduð smíð, við notum stál í besta gæða-



fyrirtækisins Já fyrst og fremst á starfsmönnum
MYND/VALLI

mönnum en hann byggir á já.is. Hann er á ensku en tilgangurinn er að laða ferðamenn til landsins. Þar verða upplýsingar um öll fyrirtæki sem veita erlendum ferðamönnum þjónustu, hvort sem það er gisting, detox eða sundlaugar. Hinn vefurinn nefnist stjornur.is en þar ætlum við að búa til vettvang fyrir almenning til þess að gefa fyrirtækjum og þjónustu umsagnir og stjörnur,“ segir Sigríður Margrét. Það er óhætt að segja að stjörnurnar í rekstri Já séu fjölmargar og ef til vill er það starfsfólkið sem skín skærast.

# tliði



Frank Ú. Michelsen, sem rekur verslunina
MYND/GVA

flokki, hágæða sjálftrekkt úrverk og í hönnuninni blöndum við saman gömlum straumum og nýjum stefnum. Við látum handsauma ólarnar, þær eru úr hlýraroði og steinbít frá Sauðárkróki og með því erum við að vísa til upprunans,“ segir Frank stoltur af arfleifðinni.

# Ávextir og súkkulaði í Vínberinu

„Ég var að leita að nafni á búðina, þegar ég heyrði af tveimur konum sem ræddu verslunina þar sem fengjust svo góð vínber, að ég greip það á lofti og nefndi hana Vínberið,“ segir Logi Helgason, eigandi verslunarinnar Vínberið á Laugavegi 43.

Hinn sjötugi Logi stendur enn vaktina en hann stofnaði búðina árið 1976. „Við lögðum þá áherslu á að vera með gott úrval af ávöxtum.“ Hann segir margt hafa breyst á Laugaveginum á þessum 35 árum. „Þá voru vitaskuld engar verslunarmiðstöðvar og það verður að segjast eins og er að það hefur smám saman sigið á ógæfuhliðina á þessari aðalverslunargötu Reykjavíkur. Það er verk skipulagsyfirvalda og ekkert annað.“

Nú er Vínberið orðið að alhliða sælgætisverslun og konfekt komið í stað ávaxtanna. „Ég vil nú ekki segja að ég sé orðinn súkkulaðisérfræðingur en úrvalið er mjög mikið og bragðtegundir margar. Konfektið nýtur nú mikilla vinsælda en ég ætla ekkert að breyta nafninu á búðinni,“ segir Logi og hlær.



„Úrvalið er mjög mikið og bragðtegundir margar,“ segir Logi í Vínberinu, sem býður upp á gæðakonfekt.
MYND/GVA



# RÓTTÆKAR HUGMYNDIR og breytingar nauðsynlegar



„Við sem stöndum að Samtökum verslunar og þjónustu viljum hvetja alla þjóðina til þess að taka höndum saman og spila saman," segir Margrét Pála. MYND/GVA

**Hún hefur ekki aðeins hugsjónir, hún byggir líf sitt og starf á þeim. Margrét Pála Ólafsdóttir, fræðslustjóri Hjallastefnunnar, trúir á samtakamáttinn.**

„Samfélagið er að líða meira í dag fyrir neikvæð viðhorf og neikvæðar skoðanir í sjálfu sér en efnahagsbreytingarnar, sem ég vil kalla svo. Við sem stöndum að Samtökum verslunar og þjónustu viljum hvetja alla þjóðina til þess að taka höndum saman og spila saman. Við þurfum að gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að stuðla að jákvæðri uppbyggingu í þjóðfélaginu," segir Margrét Pála Ólafsdóttir, fræðslustjóri Hjallastefnunnar, og velur hvert orð af kostgæfni.

„Við þurfum að gefa íslenskum hugmyndum og lausnum svigrúm til að blómstra svo atvinnulífið geti skapað ný störf. Við þurfum að veita hvert öðru jákvæða athygli og samhjálp, aðeins þannig vinnum við okkur í gegnum vandann. Íslensk þjóð hefur áður sýnt að hún getur það og hún getur það enn."

Mennta- og uppeldismál eru Margréti Pálu hugleikin, enda er hún frumkvöðull á því sviði. Bæði er hún stofnandi Hjallastefnunnar svokölluðu og rekur nú sjálfstætt starfandi skóla bæði á leik- og grunnskólasviði í þeim anda. „Samtök sjálfstætt starfandi skóla vinna á grunni samtakamáttarins og við kjósum að vinna með öðrum sem eru í þjónustugeiranum. Þegar fólk stillir saman strengi sína má vinna hreinustu kraftaverk en slíkum er ekki hægt að ná þegar hver höndin er upp á móti annarri. Þá erum við komin að dýpstu vandamálum sögunnar."

Margrét Pála hefur talað fyrir því á undanförnum mánuðum að stöðugur niðurskurður sé ekki lausnin í menntakerfinu. „Við þurfum á uppskurði að halda. Við höfum tækifæri núna, einmitt vegna efnahagsbreytinganna, að endurskoða allar okkar hugmyndir og gera róttækar breytingar sem geta orðið samfélaginu dýrmætari en stöðugur niðurskurður með sömu gömlu aðferðunum. Þetta getum við gert bæði á mennta- og heilbrigðissviði, opinber rekstur er dýr og við getum leitað nýrra leiða og einkaframtakið er ein leið til þess. "

Fræðslustjórinn nefnir að sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólar fái minna framlag frá hinu opinbera til þess að vinna sín verkefni, þannig að það sé ódýrari leið fyrir samfélagið í heild. „Við veitum samt sambærilega þjónustu bæði fyrir nemendur og fjölskyldur en þarna gefst einstaklingum og hópum færi á að þróa nýjar hugmyndir og jafnvel hrinda í framkvæmd. Það er sem sagt allra hagur að leita nýrra leiða."





Spilaðu með Póstinum

Á pósthúsum finnur þú úrval smávöru, allt frá íslensku sælgæti fyrir vini og vandamenn í útlöndum, yfir í gjafavöru, ritföng og ýmiss konar umbúðir fyrir pakkann.

Kláraðu pakkann á pósthúsinu þínu!

PÓSTURINN





Hjálmar Gíslason stofnaði Datamarket þar sem hægt er að nálgast bæði innlendar tölfræðiupplýsingar sem erlendar frá aðilum eins og Sameinuðu þjóðunum, Eurostat, og fleirum. MYND/VALLI

# Allar upplýsingar á einum stað

Datamarket er tæplega árs gamalt fyrirtæki sem sérhæfir sig í að aðstoða fólk að finna og túlka tölfræðigögn á tölvutæku formi. Gögnin eru öll aðgengileg á einum stað, www.datamarket.com, eða á gagnatorg.capacent.is fyrir íslenskan markað.

„Þetta er eins konar leitarvél þar sem hægt er að slá inn leitarorð sem skilar tölfræðiupplýsingum frá aðilum eins og Hagstofunni, Seðlabankanum, Capacent, Vinnumálastofnun og fleirum, allt á einum stað," segir Hjálmar Gíslason, stofnandi Datamarket.

„Þessar upplýsingar er svo hægt að setja upp í tölfluform og vinna áfram í Excel eða sambærilegum forritum."

Allar tölfræðiupplýsingar opinberra aðila eru aðgengilegar Datamarket-notendum að kostnaðarlausu, en upplýsingar einkafyrirtækja, eins og til dæmis Capacent, er greitt fyrir.

Upplýsingunum er ætlað að nýtast stjórnendum, millistjórnendum og öðrum þeim sem sjá um ákvarðanatöku er snýr að uppbyggingu og stefnumótun fyrirtækja.




# Takk!

Þú tryggir fjölda fólks atvinnu
með því að lesa þetta blað!

SPILUM SAMAN

www.spilumsaman.is

SVÞ Samtök verslunar og þjónustu

Virðing Réttlæti VR



Þórhallur segir Neyðarlínuna vera í stöðugri þróun. Sem dæmi um það nefnir hann yfirvofandi endurnýjun alls tölvukerfis línunnar. MYND/GVA

# 240 þúsund símtöl á ári

Neyðarlínan 112 komst í gagnið hinn 1. janúar árið 1996 og hefur margsannað gildi sitt á landi og láði á þeim fimmtán árum sem hún hefur starfað.

„Árið 2009 fengum við 239.364 símtöl,“ segir Þórhallur Ólafsson, framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar. „Þar af voru 80 þúsund símtöl sem ekki kölluðu á viðbúnað, en 159 þúsund sinnum svöruðum við símtölum þar sem um neyðartilvik var að ræða.“

Þessar tölur eru sambærilegar við það sem gerist á hinum Norðurlöndunum. Tölur fyrir 2010 eru ekki tiltækar en símtöl munu hafa verið eitthvað fleiri.

Bein fylgni er milli þess hversu oft er hringt í Neyðarlínuna og hversu mikið fólk er á ferðinni. „Það er klárt að þeim mun meira sem er að gerast, fleira fólk á vegunum, þeim mun fleiri símtöl,“ segir Þórhallur.

Auk Þórhalls starfa um 20 manns hjá Neyðarlínunni, bæði tæknifólk og auðvitað þeir sem svara í símann. „Það mæðir mikið á fólkinu okkar en þetta er allt þrautþjálfað fólk,“ segir Þórhallur. „Hvert símtal er einstakt og það getur alltaf komið upp eitthvað sem aldrei hefur gerst áður og undir það þurfum við að vera búin.“








# Nýmeti á fögrum plöttum

**Útlitið skiptir ekki síður máli en bragðið þegar kemur að sushi. Nú orðið er hægt að fá fallega platta og fylgihluti til sushi-gerðar og -framreiðslu sem gera matarboðið enn meira spennandi.**



Asísk skál með prjónum fyrir hrísgrjón eða súpur. 800 krónur í Tiger.



Platti með bláu mynstri. 600 krónur í Tiger.



Fallegur steinplatti undir ferska bita 990 krónur. Fjórar smáskálar úr viði 2.250 krónur og góðir viðarprjónar á 590 krónur. Fæst í Duka í Kringlunni.



Í Sushi-búðinni fást ýmsir fylgihlutir sem tengjast sushi. Meðal annars vel brýndir kokkahnífar, enda nauðsynlegt að vinna með góða hnífa í sushi-gerð.



Fallega skreyttur bakki undir sushi-bitana. 600 krónur í Tiger.



Í Japan er sushi hátíðarréttur en víða annars staðar er það skyndibiti.

# Óendanleg fjölbreytni

**Sushi er frægasti réttur Japana og hefur undanfarin ár notið aukinna vinsælda um allan heim. Í Japan er sushi hátíðarréttur sem búinn er til við sérstök tilefni.**

Á edo-tímabilinu var orðið sushi eingöngu notað um hráan fisk sem marineraður var í ediki. Nú til dags er sushi notað um mun fleiri rétti, en skilyrði er þó að þeir innihaldi hrísgrjón sem marineruð hafa verið í sushi-ediki. Réttirnir eru nánast óteljandi en þá vinsælustu má nefna:

Nigiri eru litlar hrísgrjónabollur með fiski ofan á, Gunkan samanstendur af hrísgrjónum, þarablöðum og fiski, Norimaki eru hrísgrjón, fiskur og fleira vafið inn í þarablöð, Temaki þýðir handgerðar rúllur og Oshizushi er pressað sushi þar sem fiskinum er þrýst ofan í þar til gerð tréílát.

**Kynning**



# Glænýtt sushi alla daga á Nings

**Veitingastaðurinn Nings var með þeim fyrstu til að kynna sushi fyrir Íslendingum og hefur frá árinu 1998 framleitt sushi í fullkominni sushi-verksmiðju sem búin er fullkomnum japönskum sushitækjum og -róbotum.**

Frá upphafi hefur Nings verið leiðandi í nýjungum í asískri matargerð og kynnti hið japanska sushi til leiks árið 1998. Fyrst um sinn var ekki mikil sala á þessum þá framandi rétti en Nings hélt sínu striki og hefur salan aukist jafnt og þétt og er orðinn stór þáttur í veitingarekstri Nings í dag.

Nings hefur yfir að ráða fullkominni sushi-verksmiðju sem búin er fullkomnum japönskum sushi-tækjum og -róbótum. Nings framleiðir þannig nýtt sushi alla daga og selur á veitingastöðum sínum sem eru þrír í dag, á Suðurlandsbraut, í Hlíðarsmára og á Stórhöfða. Auk þess er framleitt sushi fyrir veisluþjónustu Nings sem er ákaflega öflug og Nings sinnir einnig framleiðslu á sushi fyrir önnur fyrirtæki.

Veislubakkar Nings hafa náð miklum vinsældum meðal almennings og eru mjög vinsælir meðal sushi-aðdáenda sérstaklega um helgar. Hægt er að velja um þrjátíu bita og fimmtíu bita bakka. Þeir henta bæði fyrir veislur en einnig hefur fólk kippt með sér veislubakka til dæmis sem forrétt eða aðalrétt í matarboðum.

Segja má að Nings hafi oft verið á undan sinni samtíð þegar kemur að hollustu enda hefur hollusta matarins frá upphafi verið eitt af aðalmarkmiðum Nings. Strax í upphafi var ákveðið að sleppa öllu msg í matnum en fáir vissu hvað það var þegar Nings var stofnað fyrir tuttugu árum. Einnig hafa frá upphafi verið notaðar olíur án transfitusýra.

Nings hefur einnig boðið upp á ýmsar nýjungar í sushi á Íslandi, til dæmis „brown rice sushi“ sem búið er til úr heilum brúnum hrísgrjónum. Þessa tegund er í dag hægt að sérpanta en talið er að þessi gerð af sushi verði vinsælli með tímanum. Er það stefna Nings að verða nú sem fyrr leiðandi í sushi-gerð og -þróun.





## BÍLAR & FARATÆKI




HYUNDAI GETZ SJÁLFSKIPTUR GLS. Árgerð 2008, ekinn 63 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1.480.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is



**100% Visa/Euro lán í boði**
HYUNDAI ACCENT. Árgerð 1999, ekinn 77 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 399.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is



HYBRID ekinn 17 þkm LEXUS RX400H. Árgerð 2008, ekinn 17 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 7.900.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is

**Bílabankinn**
**Breiðhöfða, 112 Reykjavík**
**Sími: 588 0700**
**Opið 12-16 laugardaga**
**www.bilabankinn.is**




Allir Suzuki utanborðsmótorar á lækkuðu verði og flestar stærðir á lager til afgreiðslu strax.

**Suzuki Umboðið ehf**
**Skeifan 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**http://www.suzuki.is**

STÓRA BÍLASALAN



Nissan Kubistar Diesel Árgerð 07/2010, ókeyrður bíll, með skilrúmi og stigalúgu. Bíllinn er á staðnum! Verð 2.250.000kr með VSK. Raðnúmer 131123. Sjá nánar á www.stora.is.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

bilauppbod.is

**Þarftu að kaupa eða selja bíl?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**
**www.bilauppbod.is**

City Runner



**Heimilisþjófavörn**
Þjófavörn fyrir heimahús, hringir í 3 símanúmer. Örfá stk eftir.

**City Runner ehf**
**ÍR og Haukar blésu á allar hrakfallaspár með afar sannfærandi sigrum á Keflavík og Snæfelli í fjórðungsúrslitum úrslitakeppni Iceland Express-deildar karla. Úrslitin þýða að oddaleiki þarf til í báðum einvígum.**

**KÖRFUBOLTI** Lið ÍR og Hauka gerðu sér lítið fyrir í gær og tryggðu sér oddaleiki í einvígum sínum í fjórðungsúrslitum Iceland Express-deildar karla. ÍR vann afar sannfærandi sigur á Keflavík í Seljaskóla og Haukar – síðasta liðið inn í úrslitakeppnina – sýndu hversu þeir eru megnugir með góðum sigri á deildar- og Íslandsmeisturum Snæfells á Ásvöllum.

„Við byrjuðum þennan leik eins og aumingjar. Við vorum lélegir og byrjuðum leikinn alltof seint,“ sagði Sigurður Þorsteinsson, leikmaður Keflavíkur, eftir tapið fyrir ÍR. Breiðholtsliðið vann 106-89 sigur og er staðan því jöfn í einvíginu, 1-1.

Sigurður var ljós punktur í myrkrinu hjá Keflavík. „Mér er alveg sama um það, við töpuðum leiknum. Allt liðið verður að geta eitthvað. Vörnin hefur versnað ef eitthvað er. Við héldum að við gætum komið hingað og unnið létt. Þetta er úrslitakeppni og við þurfum að hafa fyrir hlutunum,“ sagði hann.

ÍR-ingar byrjuðu leikinn af ótrúlegum krafti og gestirnir áttu engin svör. Sveiflurnar voru gríðarlegar í fyrri hálfleiknum. Eftir að ÍR-ingar rúlluðu upp fyrsta leikhlutanum 33-13 fór annar 18-33.

Keflvíkingar náðu að komast í fyrsta sinn yfir í leiknum 54-55 eftir hálfleikinn og allt virtist vera að falla með þeim. Það fór þó of mikill kraftur í þessa endurkomu þeirra, Breiðhyltingar spýttu í lófana og unnu verðskuldaðan sigur.

Eiríkur Önundarson var hæstánægður í leikslok enda ÍR-ingar að vinna sinn fyrsta sigur í úrslitakeppni síðan í apríl 2008 þegar þeir lögðu einmitt Keflavík.

„Það er orðið nokkuð síðan við unnum Keflavík. Þetta var mjög sætt. Ég held að við höfum sýnt það undanfarið að við erum mjög góðir á heimavelli. Við þurfum klárlega að sanna okkur á útivelli og höfum virkilega gott tækifæri til að gera það í þessum oddaleik,“ sagði Eiríkur.

### Sannfærandi hjá Haukum

Haukar unnu virkilega sannfærandi sigur gegn Snæfell, 77-67, í öðrum leik 8-liða úrslitanna í Iceland Express-deild karla og jöfnuðu því einvígið 1-1. Haukar stjórnuðu leiknum frá fyrstu mínútu og náðu að halda hraðanum niðri sem var lykillinn að sigrinum í gær. Íslandsmeistararnir léku án efa sinn allra versta leik á þessu tímabili og það verður hægara sagt en gert að koma liðinu aftur á beinu brautina.

Gerald Robinson, leikmaður Hauka, var atkvæðamestur í liði heimamanna en hann skoraði 27 stig og tók 13 fráköst. Jón Ólafur Jónsson skoraði 14 stig fyrir Snæfell og var stigahæstur í þeirra liði en enginn náði sér almennilega á strik.

„Þessi úrslit voru bara virkilega verðskulduð hjá Haukum og ég skil hreinlega ekki hugarfarið í mínum mönnum,“ sagði Ingi Þór Steinþórsson, þjálfari Hauka, eftir tapið í gær.

„Það er ótrúlegt eftir að hafa spilað virkilega illa í Hólminum að liðið komi ekki betur stemmdara en þetta til leiks í kvöld. Þeir byrja leikinn vel og komast strax í 8-0 sem var munur sem við áttum erfitt með að brúa. Við vorum bara linir á öllum vígstöðvum og þeir gjörsamlega stjórnuðu þessum leik,“ sagði Ingi.

„Við sýndum það hér í kvöld að við getum alveg staðið í þeim bestu,“ sagði Pétur Ingvarsson, þjálfari Hauka, eftir sigurinn í kvöld.

„Við erum með ungt og óreynt lið en með svona stuðningi frá áhorfendum þá hafðist þetta. Handritið var að hægja vel á leiknum og láta þá verða pirraða sem gekk fullkomlega upp í kvöld. Það verður virkilega verðugt verkefni fyrir okkur að fara í Hólminn en þetta er samt algjörlega frábært fyrir okkur sem klúbb,“ sagði Pétur ánægður eftir sigurinn.

Það er því ljóst að þrjú einvígi af fjórum í fyrstu umferð úrslitakeppninnar munu ráðast í oddaleik. Þeir munu allir fara fram annað kvöld en þriðja einvígið er á milli Grindavíkur og Stjörnunnar. **- egm, sáp**



**KELLY BIEDLER** Skoraði 27 stig og tók tólf fráköst fyrir ÍR í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**TEKIÐ Á ÞVÍ** Haukar unnu góðan sigur á Snæfelli í gær og geta komið sér í undanúrslit með öðrum sigri í Stykkishólmi annað kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Njarðvík jafnaði metin gegn deildarmeisturum Hamars í undanúrslitum:

## Ætluðum okkur að jafna metin

**KÖRFUBOLTI** Njarðvík jafnaði metin með öruggum 86-78 heimasigri gegn deildarmeisturum Hamars í gærkvöldi. Njarðvíkurstúlkur höfðu forystu allan leikinn og ætluðu sér greinilega að jafna leika eftir að hafa tapað í Hveragerði á laugardaginn síðasta.

Hamarsstúlkur voru undir mest allan leikinn og byrjuðu að spila vel allt of seint. „Við bjuggumst við erfiðum leik, Njarðvíkurliðið er búið að spila í úrslitakeppninni síðustu átta ár og við vissum að þær væru með gott lið með þrjá frábæra einstaklinga í því. Einnig komu hinir leikmennirnir sterkir inn í þennan leik,“ sagði Ágúst Sigurður Björgvinsson, þjálfari Hamars eftir leikinn. „Það var barátta sem vann þennan leik, þær voru að fá stig út um allt frá leikmönnum sem stigu upp eftir síðasta leik. Þær tóku fleiri fráköst og við töpuðum á því. Það hjálpaði kannski til að þær voru að spila á heimavelli og vildu vinna þetta fyrir framan sína stuðningsmenn,“ sagði Ágúst.

„Ég er mjög ánægður, þetta var flottur leikur og ég er ánægður með liðið mitt,“ sagði Sverrir Sverrisson, þjálfari Njarðvíkur. „Við þurftum að jafna metin, laga mistök síðasta leiks og vera miklu ákveðnari, það kom ekkert annað til greina en að vinna hér jafna metin í einvíginu. Við vorum yfir allan tímann og þetta var bara frábær sigur. Núna þurfum við að fara til Hveragerðis, þótt það sé alltaf betra að spila á heimavelli með góðan stuðning heimamanna þá þurfum við að vinna leik á útivelli í Hveragerði. Það er núna næsta verkefni hjá okkur, það kemur ekkert annað til greina en að vinna þar,“ sagði Sverrir.**-kpt**



**SHAYLA FIELDS** Átti flottan leik með Njarðvík gegn deildarmeisturum Hamars í gær.

1. deildin:

## Þór tryggði sér oddaleik

**KÖRFUBOLTI** Þór Akureyri vann dramatískan 76-73 sigur á Val í úrslitakeppni 1. deildar karla í Vodafonehöllinni í gærkvöldi. Valur hefði tryggt sér sæti í úrvalsdeild með sigri en missti frá sér leikinn í lokin. Þór Akureyri fór á 15-0 sprett í upphafi fjórða leikhluta, breytti stöðunni úr 64-59 í 64-74 og hélt síðan út á spennuþrungnum lokasekúndum. Oddaleikurinn um sæti í úrvalsdeildinni fer fram á Akureyri á miðvikudaginn.

Konrad Tota, spilandi þjálfari Þórs, skoraði 20 stig og Dimitar Petushev skoraði 8 af 16 stigum sínum í lokaleikhlutanum. Óðinn Ásgeirsson (16 stig og 10 fráköst) og Ólafur Torfason (14 stig og 15 fráköst) voru líka traustir.

Calvin Wooten var með 32 stig, 9 stoðsendingar og 6 stolna hjá Val og Philip Perre skoraði 19 stig. **- óój**

**BAKHJARLAR SJÓNARHÓLS**

# Hvað ræður för?

**Sjónarhóll-ráðgjafarmiðstöð stendur fyrir málþingi um kvíðaraskanir barna og ungmenna fimmtudaginn 24. mars kl. 12.30–16.30 á Hilton Reykjavík Nordica.**

- **12:30-12:35 Setning**
  Ása Ásgeirsdóttir, formaður stjórnar Sjónarhóls
- **12:35-12:40 Frumsýning - Myndband Sjónarhóls**
  Ágúst Ævar Guðbjörnsson, grafískur hönnuður
- **12:40-12:50 Ávarp**
  Geir Gunnlaugsson, landlæknir
- **12:50-13:20 Auðlegð í nærþjónustu**
  Gerður Aagot Árnadóttir, heimilislæknir
- **13:20-13:40 Sjónarhóll foreldris**
  Sigríður Björk Þórisdóttir
- **13:40:14:00 Börn með kvíðaraskani**
  Guðrún Bryndís Guðmundsdóttir, yfirlæknir göngudeildar BUGL
- **14:00-14:30 Saga einstaklings með kvíða vegna eineltis**
  Gunnar Magnús Halldórsson Diego
- **14:30-15:00 Kaffi og veitingar**
- **15:00-15:20 Rannsókn GRR**
  „Einhverfurófsraskanir: tengsl við geðraskanir"
  Kristjana Magnúsdóttir og Erlendur Egilsson, sálfræðingar
- **15:20-15:40 Börn með kvíða í skóla**
  Petra Björg Kjartansdóttir, þroskaþjálfi og dipl. í sérkennslufræðum
- **15:40-16:10 Bátasaga af þunglyndi og kvíða**
  Þorey Guðmundsdóttir, nemi
- **16:10-16:30 "Sérstakur kvíði sérstakra barna"**
  Andrés Ragnarsson, sálfræðingur

**Fundarstjóri:** María Sigrún Hilmarsdóttir, fréttamaður
**Verð 2.000 krónur. Skráning fer fram á heimasíðu Sjónarhóls**
**www.sjonarholl.net**
**Veitingar í kaffihléi, á milli kl. 14.30 og 15.00**

## Við þökkum eftirtöldum aðilum stuðninginn

7.is ehf.
Arkform, T.G.M. ráðgjöf
Ásbjörn Ólafsson ehf
BabySam á Íslandi
Bílaþvottastöðin Löður ehf
Debenhams á Íslandi ehf
DMM Lausnir ehf
Ehf, Álmskógum 1
Endurvinnslan hf
Ernst & Young hf
Ferskfiskur ehf
Fiskmarkaðurinn veitingahús
Garðyrkjustöðin Gróandi
Gistiheimilið Bjarmalandi ehf
Gistiheimilið Lónsá
Grillbúðin, Hlíðarsmára
GT Tækni ehf
Gæðaflutningar ehf
Happi hf
Húsalagnir ehf
Ice Consult ehf
IcePharma hf
Ísfélag Vestmannaeyja hf
Ísgát ehf
Íslandsbanki hf - útibú 0528
Íslensk erfðagreining
Jakob Valgeir ehf
Kemis ehf
Kjarnafæði hf
Kjósarhreppur
Klausturkaffi ehf
Knattspyrnusamband Íslands
Lagnalagerinn ehf
Landsnet hf
Líkamsræktin Bjarg ehf
Lögmannafélag Íslands
Marás ehf
Málarameistarinn ehf
Menntaskólinn að Laugarvatni
Miklatorg hf - IKEA
Nes hf., skipafélag
Norðurpóll ehf
Orlofsbyggðin Illugastaðir
Ós ehf
Rafstilling ehf
Rafsvið sf
Seyðisfjarðarkaupstaður
Sigurborg ehf
Sigurgeir G. Jóhannsson ehf
Síldarvinnslan hf, útgerð
Sjúkraþjálfun Önnu Katrínar ehf
Skinney - Þinganes hf
Skipting ehf
Smurstöðin ehf
Snælandsskóli
Sólark-Arkitektar
Sprettur Marimo ehf
Starfsmannafélag Suðurnesja
Sveinsbakarí
Sæbjörg ehf
Söluturninn Smári
Tannlæknast Einars Magnúss ehf
Tannlæknast Árna Páls Halldórssonar
Tannlæknast Harðar V Sigmarssonar
Tannréttingar sf
Tengi ehf
Umbúðamiðlun ehf
V.R.
Veitingastaðurinn Menam
Verkalýðsfélagið Hlíf
Verkís hf
Verslunarmannafélag Suðurnesja
Verslunartækni ehf
Verslunin 10 - 11
Vélaverkstæði Kristjáns ehf
Vignir G. Jónsson hf
Wurth á Íslandi ehf

Hönnun: AgustGudbjornsson.com

> **Matt Damon**

„Ef ég fæ eitthvað frí, þá ætla ég að eyða því á sófanum mínum í New York því það er eini staðurinn sem ég hef ekki farið á í langan tíma.“

***Matt Damon fer með hlutverk Jasons Bourne í njósnamyndinni Bourne Identity sem er á Stöð 2 Bíó í kvöld kl. 20.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** ATLI FANNAR BJARKASON **FYLGDIST MEÐ FRÁBÆRRI KEPPNI Í STIKLUGERÐ**

## *Kærkominn metnaður Audda og Sveppa*

Stiklukeppni Audda og Sveppa í þætti þeirra á föstudaginn var gríðarlega vel heppnað sjónvarpsefni. Hún fór þannig fram að strákarnir framleiddu hvor sína stiklu við kvikmyndir sem eru ekki til. Þeir fóru svipaða leið og gerðu stiklur við hasarmyndir, en gæðin voru æði misjöfn.

Stikla Audda var svo stórkostleg að mann dauðlangar að sjá kvikmyndina, sem verður að öllum líkindum aldrei framleidd. Sveppa tókst ekki nærri því eins vel upp. Mistök hans voru að gera líka stiklu við hasarmynd og falla þar með í skugga leikstjórans Hannesar Þórs Halldórssonar, sem leikstýrði stiklu Audda af mikilli fagmennsku. Sveppi hefði átt að fara allt aðra leið, enda augljóst að þeir sem hann fékk með í verkið réðu ekki við formið. Hádramatísk stikla við mynd um félagslega heftan stærðfræðisnilling hefði til dæmis forðað honum frá hasarsamanburðinum við Audda. Eða stikla við íþróttagamanmynd. Raunar hefði allt annað virkað betur.



Annars var kærkomið að sjá Audda og Sveppa leggja svona mikinn metnað í þáttinn sinn, sem hefur hvorki verið fugl né fiskur síðustu misseri. Áhorfið hefur minnkað og félagarnir eru ekki lengur með fast sæti á lista yfir vinsælustu þætti Stöðvar 2, þrátt fyrir að vera í opinni dagskrá. Þeir geta sjálfum sér um kennt, enda hafa gæði þáttarins oftar en ekki verið á pari við 70 mínútur sem þeir stýrðu daglega á Popptíví fyrir tæpum áratug. Kröfurnar hljóta að vera meiri þegar þættirnir eru vikulegir.

Auddi og Sveppi eru snjallir sjónvarpsmenn og þá skortir ekkert til að framleiða frábæra þætti. Þessum tækifærum hafa þeir hins vegar klúðrað ítrekað, en stiklukeppnin gefur fögur fyrirheit um metnaðarfyllri framtíð.

## SJÓNVARPIÐ

**14.45 Samræður um byggingarlist**
**15.20 Meistaradeild í hestaíþróttum** (e)
**15.35 Þýski boltinn** (e)
**16.35 Íslenski boltinn** (e)
**17.20 Nýsköpun - íslensk vísindi** (7:12) (e)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Skordýrin í Sólarlaut** (40:43)
**18.23 Skúli skelfir** (33:52)
**18.34 Kobbi gegn kisa** (18:26)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Skólahreysti** (1:6)
**20.40 Skólaklíkur** (9:12) (Greek) Bandarísk þáttaröð um systkinin Rusty og Casey Cartwright og fjörugt félagslíf þeirra í háskóla.
**21.25 Návígi**
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Njósnadeildin** (2:8) (Spooks VIII) Breskur sakamálaflokkur um úrvalssveit innan bresku leyniþjónustunnar MI5 sem glímir meðal annars við skipulagða glæpastarfsemi og hryðjuverkamenn.
**23.10 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. (e)
**23.55 Kastljós** (e)
**00.20 Fréttir** (e)
**00.30 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 La Bamba**
**10.00 Back to the Future II**
**12.00 Love at Large**
**14.00 La Bamba**
**16.00 Back to the Future II**
**18.00 Love at Large**
**20.00 Bourne Identity**
**22.00 Ask the Dust**
**00.00 Cronicle of an Escape**
**02.00 Skeleton Man**
**04.00 Ask the Dust**
**06.00 The Hoax**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Flipping Out** (1:9)
**11.00 The New Adventures of Old Christine** (9:22)
**11.25 Wonder Years** (3:17)
**11.50 Tim Gunn's Guide to Style** (7:8)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 America's Got Talent** (19:26)
**14.20 America's Got Talent** (20:26)
**15.05 Sjáðu**
**15.30 Ben 10**
**15.53 Barnatími Stöðvar 2**
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (24:24)
**19.45 The Big Bang Theory** (17:23)
**20.10 Modern Family** (17:24) Modern Family fjallar um líf þriggja tengdra en ólíkra nútímafjölskyldna.
**20.35 Two and a Half Men** (22:22) Sjöunda sería þessa bráðskemmtilega þáttar.
**21.00 Chuck** (19:19) Chuck var nörd sem lifði afar óspennandi lífi allt þar til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA.
**21.45 Burn Notice** (14:16)
**22.30 Talk Show With Spike Feresten** (8:22)
**22.55 Pretty Little Liars** (17:22)
**23.40 Hawthorne** (9:10)
**00.25 Ghost Whisperer** (1:22)
**01.10 Illegal Tender**
**02.55 Chuck** (19:19)
**03.40 Burn Notice** (14:16)
**04.25 Tim Gunn's Guide to Style** (7:8)
**05.10 Two and a Half Men** (22:22)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 ÍR - Keflavík**
**16.10 ÍR - Keflavík** Útsending frá leik ÍR og Keflavíkur í úrslitakeppni Iceland Express-deildar karla í körfuknattleik.
**17.55 Þýski handboltinn: RN Löwen - Fuchse Berlin** Bein útsending frá Íslendingaslag Rhein-Neckar Löwen og Füchse Berlin í þýska handboltanum. Guðmundur Guðmundsson þjálfar Rhein-Neckar Löwen og með liðinu spila Ólafur Stefánsson, Róbert Gunnarsson og Guðjón Valur Sigurðsson. Dagur Sigurðsson þjálfar Füchse Berlin og með liðinu leikur Alexander Petersson, sem reyndar gengur til liðs við Löwen fyrir næsta tímabil.
**19.35 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Skyggnst á bak við tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu. Hitað upp fyrir komandi leiki og um leið hinir ýmsu leikir krufðir til mergjar.
**20.05 Main Event** Sýnt frá World Series of Poker 2010 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
**21.00 European Poker Tour 6 - Pokers** Sýnt frá European Poker Tour þar sem margir frábærir spilarar mætast.
**21.50 Þýski handboltinn: RN Löwen - Fuchse Berlin**
**23.15 Spænsku mörkin**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**14.35 Tottenham - West Ham** Útsending frá leik Tottenham og West Ham í ensku úrvalsdeildinni.
**16.20 Aston Villa - Wolves** Útsending frá leik Aston Villa og Wolves í ensku úrvalsdeildinni.
**18.05 Premier League Review**
**19.00 Sunderland - Liverpool** Útsending frá leik Sunderland og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.
**20.45 Chelsea - Man. City** Útsending frá leik Chelsea og Manchester City í ensku úrvalsdeildinni.
**22.30 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**23.00 Man. Utd. - Bolton** Útsending frá leik Manchester United og Bolton Wanderers í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.20 Spjallið með Sölva** (5:16) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Spjallið með Sölva** (5:16) (e)
**12.40 Pepsi MAX tónlist**
**16.15 90210** (17:22) (e)
**17.00 Dr. Phil**
**17.45 Got To Dance** (11:15) (e)
**18.35 Being Erica** (6:13) (e)
**19.20 Whose Line is it Anyway?** (30:39)
**19.45 Survivor - LOKAÞÁTTUR** (16:16) Bandarískir raunveruleikaþættir þar sem venjulegt fólk þarf að þrauka í óblíðri náttúru þar til aðeins einn stendur eftir sem sigurvegari. Í þessum lokaþætti koma þátttakendur í heimsókn, rifja upp eftirminnileg atvik og láta allt flakka.
**20.35 Innlit/ útlit** (3:10) Sesselja gengur með Pétri Ármanns um Ásvallagötu og Stefán Þór Steindórsson smíðar glæsilega bókahillu.
**21.05 Dyngjan** (6:12) Í þættinum verður m.a. fjallað um spákonur, miðla, stjörnumerki og hjátrú.
**21.55 The Good Wife** (9:23) Þáttaröð með stórleikkonunni Julianna Margulies sem slegið hefur rækilega í gegn.
**22.45 Makalaus** (3:10) (e)
**23.15 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**00.00 CSI** (10:22) (e)
**00.50 The Good Wife** (9:23) (e)
**01.35 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**08.10 Transition Championship** (1:4)
**11.10 Golfing World**
**12.00 Golfing World**
**12.50 Transition Championship** (1:4)
**15.45 Ryder Cup Official Film 1997**
**18.00 Golfing World**
**18.50 PGA Tour - Highlights** (11:45)
**19.45 Dubai Desert Classic** (4:4)
**23.15 Golfing World**
**00.05 ESPN America**

## EXTRA

**19.30 The Doctors**
**20.15 Gossip Girl** (6:22) Fjórða þáttaröðin um líf fordekraðra unglinga sem búa á Manhattan.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Glee** (16:22) Önnur gamanþáttaröðin um metnaðarfullu menntaskólanemana sem halda áfram að keppast við að vinna söngkeppnir á landsvísu.
**22.40 Nikita** (3:22) Ný og hörkuspennandi þáttaröð frá Warner Bros um leyniþjónustuna Division sem rænir til sín ungmenni sem áttu erfiða æsku. Njósnakvendið Nikita flýr þjónustuna og hyggur á hefndir.
**23.25 The Event** (12:23) Hörkuspennandi þættir um venjulegan, ungan mann sem hafður er fyrir rangri sök.
**00.10 Saving Grace** (3:14) Önnur spennuþáttaröðin með Óskarsverðlaunaleikkonunni Holly Hunter í aðalhlutverki. Grace Hanadarko er lögreglukona sem er á góðri leið með að eyðileggja líf sitt þegar engill birtist henni og heitir að koma henni aftur á rétta braut.
**00.55 Gossip Girl** (6:22)
**01.40 The Doctors**
**02.20 Sjáðu**
**02.45 Fréttir Stöðvar 2**
**03.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Með Hildu Jónu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**19.00 Fróðleiksmolinn**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Konur og nýsköpun, Elínóra, Hulda og Ágústína og svo Guðrún Bergmann um grænan apríl.
**21.00 Græðlingur**
**21.30 Svartar tungur** Birkir Jón, Sigmundur Ernir og Tryggvi Þór heitir úr þingsal.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |





# Sparaðu með Miele

Miele þvottavélar hafa verið framleiddar Þýskalandi í 108 ár.
Miele þvottavélar og þurrkarar eru framleidd til að endast.

- **Íslenskt stjórnborð**
- **Stórt hurðarop**
- **Íslenskar leiðbeiningar**
- **20 ára ending**
- **Þvottavél verð frá kr. 177.950**
- **Þurrkari verð frá kr. 151.450**



**Care Collection** þvottaefni, sérstaklega framleitt fyrir Miele þvottavélar

***Farðu alla leið með Miele***

Miele

EIRVÍK *-hágæðaheimilistæki*

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | **www.eirvik.is**

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 SPORT KL. 17.55

### Rhein-Neckar Löwen - Füchse Berlin



Bein útsending frá Íslendingaslag Rhein-Neckar Löwen og Füchse Berlin í þýska handboltanum. Guðmundur Guðmundsson þjálfar Rhein-Neckar Löwen og Dagur Sigurðsson þjálfar lið Füchse Berlin. Ólafur Stefánsson, Róbert Gunnarsson og Guðjón Valur Sigurðsson leika með Löwen en Alexander Petersson með Füchse Berlin.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Eyðieyjan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Hagleikur **14.00** Fréttir **14.03** Sker **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Rán **15.25** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Í heyranda hljóði **21.20** Tríó **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.15** Fimm fjórðu **23.08** Matur er fyrir öllu **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**13.45** Deal or No Deal **14.20** Deal or No Deal **14.55** Deal or No Deal **15.30** Keeping Up Appearances **16.00** Keeping Up Appearances **16.30** Whose Line Is It Anyway? **16.55** Whose Line Is It Anyway? **17.20** Deal or No Deal **17.55** Deal or No Deal **18.30** Keeping Up Appearances **19.00** Keeping Up Appearances **19.30** The Catherine Tate Show **20.00** The Catherine Tate Show **20.30** Monarch of the Glen **21.20** Coupling **21.50** Coupling **22.20** Coupling **22.50** Whose Line Is It Anyway? **23.15** Whose Line Is It Anyway?

## DR 1

**12.30** Søren Ryge **13.00** Herlufsholm **13.30** Blod, sved og T-shirts **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Aftenshowet **15.00** Humf **15.05** Timmy-tid **15.15** Alfons Åberg **15.30** Lille Nørd **16.00** Landsbyhospitalet **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Vores Liv **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** Kender du typen **19.30** Snydt igen **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Kommissæren og havet. I denne søde sommertid **22.30** OBS **22.35** Gintberg på kanten **23.05** Ja, vi elsker

## NRK 1

**12.05** Aktuelt **12.35** Urix **13.00** NRK nyheter **13.05** Puls **13.35** Norge rundt **14.00** NRK nyheter **14.10** Dallas **15.00** NRK nyheter **15.10** Nummer 1 **15.50** Glimt av Norge **16.00** NRK nyheter **16.10** Vår aktive hjerne **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.45** Ut i naturen **19.15** Kjærlighetshagen **19.45** Extra-trekning **19.55** Distriktsnyheter **20.30** Brennpunkt **21.30** Nurse Jackie **22.00** Kveldsnytt **22.15** Lydverket **22.45** Modelljakta **23.15** Kjærlighetshagen

## SVT 1

**11.05** Klass 9A **11.35** Dom kallar oss artister **12.05** Karriär **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Notes From the Underbelly **15.25** Anslagstavlan **15.30** Så ska det låta **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Huset fullt av hundar **20.00** Veckans brott **21.00** Dox **22.30** En idiot på resa **23.15** Gynekologen i Askim **00.15** Rapport **00.20** Mun mot mun





NÝIR OG SPENNANDI STAÐIR

Hvernig væri að fljúga út í heim og skoða framandi staði og töfrandi heimsborgir?

Skoðaðu nýja og spennandi staði og taktu þér far með einhverju af þeim 15 flugfélögum sem fljúga frá Íslandi á árinu.

**Prófaðu Dohop leitarvélina á Vísi, flug og gisting, öll hagstæðustu tilboðin á einum stað.**

dohop

vísir.is Meiri Vísir.



## FÉSBÓKIN



*„Þessi Knútur ísbjörn sem allir eru að syrgja ... fyrir hverju spáði hann aftur? Fótboltaúrslitum? Evrovisionsigurvegurum? Veðri?“*

Stefán Pálsson, spurningahöfundur Ha?, grætur augljóslega ekki andlát ísbjarnarins Knúts.

# Hljóp uppi símaþjóf í Barcelona

Kraftakarlinn Arnar Grant var rændur þegar hann var í Barcelona við tökur á sjónvarpsþáttunum „Arnar og Ívar á ferð og flugi“ sem hefjast á Stöð 2 á fimmtudaginn.

„Ég sat á Römblunni og þá kom pottormur og tók símann minn sem lá á borðinu. Hann sprettaði í burtu og ég tætti á eftir honum,“ segir Arnar. „Ég náði í rassgatið á honum, lyfti honum upp, hristi hann til og reif símann af honum. Svo las ég honum pistilinn á íslensku og labbaði bara til baka. Ég held að honum hafi verið nokkuð brugðið og ég er nokkuð viss um að hann hafi lært sína lexíu.“

Í þáttunum ferðast Arnar og útvarpsmaðurinn Ívar Guðmundsson til fimm borga, eða Barcelona, Berlínar, Kaupmannahafnar, London og New York, og lenda í hinum ýmsu ævintýrum. Í fyrsta þættinum í Barcelona spreyttu þeir sig á nautaati í fyrsta sinn. „Við mættum klukkutíma of seint og þá var búið að æsa nautin upp í heilan klukkutíma þegar þeim var hleypt í hringinn,“ greinir Arnar frá. „Það var mikið span á þeim og ég held að við höfum aldrei verið eins hræddir á ævinni. Ég tapaði þarna veðmáli fyrir Ívari og þurfti að vera í rauðum bol sem er ekki gæfulegt fyrir nautin.“

Í Kaupmannahöfn hittu þeir Casper Christensen úr sjónvarpsþáttunum Klovn og fór vel á með þeim félögum. „Hann borðaði með okkur smörrebrod og það kom mikið á óvart hvað hann er skemmtilegur fýr. Hann sagði okkur margar sögur sem er kannski ekki við hæfi að segja neins staðar.“ **- fb**



**KRAFTAJÖTNAR** Arnar Grant og Ívar Guðmundsson lentu í honum kröppum í Barcelona. MYND/JÓI KJARTANS

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Matreiðslumeistarinn Siggi Hall er sennilega einn af fyrstu sjónvarpskokkum Íslands en matreiðsluþættir hans, sem hafa verið ansi fjölbreyttir, nutu mikilla vinsælda. Siggi hefur verið aðalmaðurinn á matarhátíðinni Food & Fun sem fram fór fyrir skemmstu og gömlu vinnuveitendur hans á Stöð 2 leituðu því ekki langt yfir skammt þegar þá vantaði mann til að gera tvo þætti um þessa miklu veislu. Aðdáendur **Sigga Hall** geta því farið að hlakka til að sjá meistarann á skjánum.



Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær getur **Stefán Karl Stefánsson** ekki sótt heim frumsýningu kvikmyndarinnar Kurteist fólk þrátt fyrir að þetta sé fyrsta aðalhlutverk hans á hvíta tjaldinu. Stefán er samkvæmt heimildum Fréttablaðsins á fullu við að stofnsetja framleiðslufyrirtæki með eiginkonu sinni **Steinunni Ólínu Þorsteinsdóttur** í Los Angeles og á það sinn þátt í fjarveru Stefáns. Undirbúningur er nú í fullum gangi og Stefán því verið upp fyrir haus í alls kyns pappírsvinnu og fundarhöldum.



Og á netinu má nú nálgast fyrstu stikluna úr Tíma nornarinnar eftir **Friðrik Þór Friðriksson** en þættirnir fara í sýningu 27. mars. Meðal þeirra sem þar bregður fyrir eru Gestur Einar Jónasson en eftir því sem Fréttablaðið kemst næst er þetta fyrsta hlutverk Gests í níu ár eða síðan hann lék Gogga fréttamann í Stellu í framboði. Sjónvarpsáhorfendur verða síðan að notfæra sér plús-stöðvarnar í næstu viku því Tími nornarinnar er sýndur á sama tíma og Pressa Stöðvar 2. **- fgg**





AUKASÝNINGAR Í MAÍ VEGNA FJÖLDA ÁSKORANA!

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX

fim. 12/5 kl. 20 - lau. 21/5 kl. 20 - fös. 27/5 kl. 20

Vesturport | Borgarleikhúsið

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is

Auglýsingasími 512 50 50

Allt sem þú þarft...


RÓBERT ARON MAGNÚSSON: HEFÐI GETAÐ VERIÐ STÖNGIN INN

# Villtar klukkustundir á Íslandi þrátt fyrir skakkaföll

„Það er leiðinlegt að þetta þurfti að enda svona. Þetta hefði getað verið stöngin inn,“ segir Róbert Aron Magnússon, sem skipulagði tónleika bresku hljómsveitarinnar Hurts á sunnudagskvöld.

Rafmagnið fór tvívegis af hljóðkerfinu með skömmu millibili meðan á tónleikunum stóð í Vodafone-höllinni. Síðari rafmagnsbilunin varð í næstseinasta lagi sveitarinnar og alls var töfin sem af þessu hlaust um tuttugu mínútur. Eftir að síðasta laginu lauk fór sveitin af sviði og kom ekki aftur til að taka uppklappslag eins og venjan er. „Þeir hefðu líklega tekið eitt uppklappslag en þeir treystu ekki á það sem var í gangi,“ segir Róbert Aron. „Þetta er leiðindamál en sem betur fer var þetta alveg í lokin og þeir náðu að klára sitt sett.“

Hljómborðsleikari Hurts, Adam Anderson, varð að vonum fúll þegar rafmagnið fór af í seinna skiptið og rauk af sviðinu. Hann kom þó aftur til að spila undir í lokalaginu. „Hann var ekki sáttur. Menn eru að koma alla þessa leið og vilja að svona verði tipp, topp,“ segir Róbert.

Hann kann engar skýringar á því hvað fór nákvæmlega úrskeiðis en segir málið í athugun. Hann hefur bæði rætt við forsvarsmenn Vodafone-hallarinnar og fyrirtækið HljóðX sem sá um hljóðkerfið. „Þetta er eitthvað sem þarf að skoða. Við erum að hamast í því.“

Hljómborðsleikarinn Anderson hafði lýst því yfir í viðtali við Fréttablaðið að hljómsveitin ætlaði að kíkja á næturlífið í Reykjavík eins og hún gerði er hún komið hingað síðasta haust. Það stóðu þeir félagar við þrátt fyrir skakkaföllin. Einkapartí var haldið á skemmtistaðnum Austri þeim til heiðurs og stóð það yfir til klukkan fimm um nóttina þar sem þeir félagar skemmtu sér konunglega innan um fagurt kvenfólk. Miðað við Twitter-síðu söngvarans Theos Hutchcraft var nóttin í Reykjavík viðburðarík. „Fjórtán villtar klukkustundir á Íslandi þar sem lögreglan kom við sögu, sprengingar, brennivín og ótrúlegar stelpur,“ skrifaði hann greinilega sáttur við kvöldið. Hann bætti þó við að ekki hafi allt gengið að óskum. „Sigrar og skelfing á Íslandi. Afsakið og takk fyrir. Áttum villtar og yndislegar stundir á Íslandi eins og alltaf. Einn yndislegasti staður jarðar. Ást!“ **freyr@frettabladid.is**





**ÓRAFMAGNAÐIR**

Rafmagnið fór tvívegis af hljóðkerfinu á tónleikum Hurts í Vodafone-höllinni. Þrátt fyrir að hafa verið eilítið fúlir þá var fýlan ekki lengi að renna af þeim þegar þeir fóru á skemmtistaðinn Austur og slettu rækilega úr klaufunum. Tónleikahaldarinn **Róbert Aron** segir þá hins vegar vera að kafa ofan í rafmagnsleysið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Á toppnum á tveimur stöðum

„Maður vonaði alltaf að það kæmi fólk að sjá myndina en ég bjóst ekki við að þetta gengi svona vel strax,“ segir Reynir Lyngdal, leikstjóri Okkar eigin Osló.

Gamanmyndin er í efsta sæti yfir aðsóknarmestu myndir landsins með rúma 14.400 áhorfendur þrátt fyrir að hafa aðeins verið sýnd í tæpar þrjár vikur. Titillag myndarinnar í flutningi Valdimars Guðmundssonar og Memfismafíunnar er sömuleiðis efst á vinsældalista Rásar 2 og er Okkar eigin Osló því á toppnum á tveimur stöðum samtímis.

„Þetta er lítil og sæt saga, lítill sólargeisli. Hún fjallar um meingallað fólk sem meinar vel og fólk vonandi finnur sjálft sig í þessu fólki,“ segir Reynir, sem ætlar að leikstýra annarri gamanmynd með sama hópi og gerði Okkar eigin Osló og er Þorsteinn Guðmundsson þegar byrjaður að skrifa handritið.

Til stendur að sýna Okkar eigin Osló í Noregi, enda eru norskir meðframleiðendur að henni og líklega verður það síðar á þessu ári. Einnig er verið að vinna í að sýna hana á kvikmyndahátíðum erlendis.

Reynir er með tvær aðrar myndir í bígerð en óvíst er hvenær þær verða tilbúnar. Annars vegar mynd eftir bók Auðar Jónsdóttur, Fólkinu í kjallaranum, og hins vegar mynd eftir draugasögu Gerðar Kristnýjar, Garðinum, eins og Fréttablaðið hefur áður greint frá. Reynir vinnur handritið að Fólkinu í kjallaranum með eiginkonu sinni Elmu Lísu Gunnarsdóttur. Líklega mun Ólafur Egilsson, sem annast leikgerð verksins í Borgarleikhúsinu, verða þeim innan handar. **- fb**



**REYNIR LYNGDAL** Yfir fjórtán þúsund manns hafa séð Okkar eigin Osló á aðeins þremur vikum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



FERMINGARGJAFIR Í EYMUNDSSON

# Íslands eina von þarf góðan stuðning til framtíðar

Verð frá
9.999kr.
Verð áður 12.999 kr.

**Taska á hjólum**
Eggert Ólafsson
og Bjarni Pálsson
áttu eina saman.



Verð frá
5.999kr.
Verð áður 7.995 kr.

**Bakpoki**
Fjalla-Eyvindur fékk
30 lítra poka í fermingargjöf.
Hann hefði þurft 80 lítra.



Verð frá
3.990kr.

**Passíusálmar**
Megas las alla
fimmtíu, tók
svo upp gítarinn.






Gjafapakkar

**Myndlistarvörur**
Allt nema snjáður hattur.
Kjarval keypti hann.



9.990kr.

**Sturlunga – 3 bindi í öskju**
Í Sturlungu er m.a.
Guðmundar saga dýra.
Hún hækkar ekki verðið.




Verð frá
7.990kr.

**Íslensk orðabók**
Jónas þurfti að
smíða ný orð
þegar hann
týndi sinni.




Mundu eftir gjafakortunum | eymundsson.is

Eymundsson
*Bóksali frá 1872*

Tilboðsverð gildir til og með 30. apríl

ENNEMM / SÍA / NM45682

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Létu sig ekki vanta

Húsfyllir var á tónleika bresku hljómsveitarinnar Hurts sem fram fóru í Vodafone-höllinni á sunnudagskvöldið. Eins og kemur fram á öðrum stað í blaðinu lék rafmagnið eða öllu heldur rafmagnsleysi hljómsveitarmeðlimi grátt í lokin en þeir kláruðu dagskrána hins vegar með stæl. Meðal þeirra sem stóðu úti í sal og fylgdust með drengjunum má nefna FM-mennina Svala og Heiðar Austmann og svo auðvitað fyrirsætuna Önnu Alfreðs en hún hefur leikið í myndböndum hljómsveitarinnar. Þá var **Ásgeir Kolbeinsson** auðvitað meðal gesta sem og leikkonan María Birta.



### Pólitík í útgáfupartíi

Oddur Snær Magnússon, sonur Magnúsar Kjartansson tónlistarmanns, fagnaði útgáfu sólóplötunnar Tækifæri á föstudag. Á meðal gesta var systir Odds, Margrét Gauja Magnúsdóttir, bæjarfulltrúi Samfylkingar í Hafnarfirði, sem hafði nóg að ræða við annan gest, Evu Einarsdóttur, borgarfulltrúa Besta flokksins í Reykjavík. Aðrir gestir í útgáfuteitinu voru Andri Ólafsson og Breki Logason, fréttamenn á Stöð 2, og Karlakórinn Barflugur sem söng fyrir gesti. Oddur er sjálfur í kórnum. Faðir Odds kom á svæðið rétt undir lokin en hann hafði verið að skemmta í veislu þingmanna fyrr um kvöldið.

**- fgg, jab**



### Mest lesið vísir

1. Atli og Lilja segja sig úr VG - bein útsending á Vísi
2. Botox-kona vann sem nektardansmær
3. Úrsögn Lilju og Atla kom þingflokki VG í opna skjöldu
4. Össur segir úrsögnina ekki koma á óvart: Breytir engu







# Fermingartilboð

## Gerið GÆÐA- og verðsamanburð

NÝTT 12 mánaða vaxtalausar greiðslur

### VALHÖLL

| Stærð | Verð áður | Verð nú |
|---|---|---|
| 80x200 | 83.880 kr. | 69.900 kr. |
| 90x200 | 83.880 kr. | 69.900 kr. |
| 120x200 | 101.880 kr. | 84.900 kr. |
| 140x200 | 107.880 kr. | 89.900 kr. |
| 153x203 | 119.880 kr. | 99.900 kr. |

Bonnel gormakerfi, gæðabólstrun, vandaðar steyptar kantstyrkingar, góð nýting á svefnfleti

### SAGA

| Stærð | Verð áður | Verð nú |
|---|---|---|
| 90x200 | 107.880 kr. | 89.900 kr. |
| 100x200 | 113.880 kr. | 94.900 kr. |
| 120x200 | 131.880 kr. | 109.900 kr. |
| 140x200 | 143.880 kr. | 119.900 kr. |
| 153x203 | 155.880 kr. | 129.900 kr. |

7 svæðaskipt heilsudýna með pokagormakerfi, góður lágbaksstuðningur, mýkra og betra axlasvæði, þrýstijöfnunarefni í bólstrun, vandaðar steyptar kantstyrkingar, fullkomin nýting á svefnfleti, þarf aldrei að snúa

### ÞÓR

| Stærð | Verð áður | Verð nú |
|---|---|---|
| 100x200 | 125.880 kr. | 104.900 kr. |
| 120x200 | 149.880 kr. | 124.900 kr. |
| 140x200 | 167.880 kr. | 139.900 kr. |
| 153x203 | 179.880 kr. | 149.900 kr. |

7 svæðaskipt heilsudýna með tvöfölduu pokagormakerfi, góður lágbaksstuðningur, mýkra og betra axlasvæði, eggjabakka-þrýstijöfnunarefni í bólstrun, vandaðar steyptar kantstyrkingar, fullkomin nýting á svefnfleti, þarf aldrei að snúa

### IQ-CARE

| Stærð | Verð |
|---|---|
| 90x200 | 134.900 kr. |
| 100x200 | 144.900 kr. |
| 120x200 | 164.900 kr. |
| 140x200 | 179.900 kr. |
| 153x203 | 179.900 kr. |

**Ein besta heilsudýna í heimi,** hápróuð þrýstijöfnunar–heilsudýna, með 7 svæðaskiptum svefnfleti, mjúk og þægileg við axlasvæði, veitir góðan stuðning við lágbakssvæði, fullkomin nýting á svefnfleti, þarf aldrei að snúa

**Öll verð með botni og fótum**

**10.000 kr. vöruúttekt fylgir öllum fermingarrúmum**

Baldursnesi 6 AKUREYRI

Svefn & heilsa

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00